



Útboðsgögn
25.9.2025

Rekstraraðili innkaupa

Kópavogsbær
Hjalte Jón Pálsson

Innkaup

Yfirborðsmerkingar fyrir Kópavogsbæ
2508444
Birt 25.9.2025 13:51
Lokatilboðsdagur: 28.10.2025 12:00

Skýringar

- | | |
|--|---|
|  Textinn er innifalinn í auglýsingunni |  Textinn er innifalinn í sérgreiningunni |
|  Textinn verður hluti samningsins |  Textinn verður birtur í efnisskrá samningsins |
|  Textinn/spurningin inniheldur kröfurnar sem þarf að uppfylla |  Textinn/spurningin inniheldur ESPD kröfur |
|  Spurningin er vegin og tekin með í matið |  Spurningin er vegin og tekin með í matið |
|  Spurningin er lögð fram í upplýsingaskyni eingöngu |  Þessari spurningu svarar kaupandinn |
|  Spurningin er merkt fyrir sérstaka eftirfylgni | |

1. Útboðsskilmálar

1.1 Almennir útboðsskilmálar

Í þessum kafla er fjallað um almenna skilmála og reglur sem gilda um útboðið.

1.1.1 Lög og reglugerðir

Um útboð þetta gilda ákvæði laga nr. 120/2016 um opinber innkaup, reglur og reglugerðir á grundvelli laganna. Stangist texti gagnanna á við lögin, vikur textinn. Lög um opinber innkaup má nálgast á [heimasíðu Alþingis](#).

1.1.2 Almennar upplýsingar um útboð

Kópavogsbær, kt.700169-3759, hér eftir nefndur verkkaupi, óskar eftir tilboði í verkið:

Yfirborðsmerkingar

Um er að ræða yfirborðsmerkingar á götum víðsvegar í Kópavogi. Mála, massa eða sprautumassa á allar merkingar. Ekki er verið að bjóða út gatnamerkingar á þjóðvegum innan Kópavogsbæjar.

Helstu magntölur fyrir hvert ár samningtímans eru:

- Mössun, línur: 29.000 m
- Mössun, fletir: 4.000 m²
- Mössun, stakar merkingar: 2.100 stk.
- Málun, línur: 5.000 m

- Málun, fletir 600 m2
- Málun, stakar merkingar: 120 stk.

Útboðið telst verkframkvæmd og auglýsing er birt innanlands. Verk skal vinna skv. útboðsskilmálum og verklýsingu.

Verkið skal vinna í samræmi við ákvæði gildandi reglugerða sem eiga við þessa framkvæmd og er verktaki að fullu ábyrgur fyrir því að þeim sé fylgt

Innifalið í tilboði skal vera allt það sem til þarf til að ljúka verkinu eins og það er skilgreint í útboði þessu. Tilboð skal gera á meðfylgjandi tilboðsblað og sundurliða í tilboðsskrá.

1.1.2.1 Útboðsgögn

Gögn þessi eru unnin af verkkaupa. Verkefnið skal vinna í samræmi við eftirtalin gögn sem öll verða hluti af samningi milli verktaka og verkkaupa.

1. Útboðs- og verklýsing þessi
2. Tilboðsskrá og tilboðsblað
3. Skriflegar fyrirspurnir og svör, sem fram koma á tilboðstíma.

Með undirritun á tilboði sínu samþykkir bjóðandi alla útboðs- og samningsskilmála.

1.1.2.2 Yfirlit - mikilvægar dagsetningar

Útboð þetta er almennt opið útboð og hefur verkkaupi skipulagt eftirfarandi tímasetningar fyrir útboðsferlið (dagsetningar geta breyst).

Kynningarfundur/vettvangsskoðun	Verður ekki haldinn
Lokadagsetning fyrirspurna og athugasemda frá bjóðendum	9 dögum fyrir skilafrest tilboða
Svarfrestur fyrirspurna	6 dögum fyrir skilafrest tilboða
Frestur til að skila tilboðum	28.10.2025 kl. 12:00
Opnun tilboða	28.10.2025 kl. 12:01
Upphaf samnings/framkvæmdatími	Við undirritun samnings
Samningstími	4 ár með 2x1 ár framlengingarheimild
Frávikstilboð	Eru ekki heimil
Gildistími tilboða / frestur til að taka tilboði	8 vikur eftir opnunardegi tilboða

1.1.2.3 Tungumál

Tilboðum og umbeðnum fylgigögnum skal skilað á íslensku.

1.1.2.4 Samningi skipt í hluta

Útboði er ekki skipt í hluta.

1.1.3 Samskipti á tilboðstíma

Öll samskipti á tilboðstíma skulu fara fram með skriflegum hætti í gegnum útboðskerfið TendSign.

Óski bjóðandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á útboðsgögnum, verður var við ósamræmi í þeim sem getur haft áhrif á innihald tilboða eða hefur athugasemdir við gögnin er **bjóðandi hvattur til að senda Kópavogsbæ fyrirspurn eða athugasemd í útboðskerfinu eins snemma á tilboðstímanum og tök eru á** og eigi síðar en á þeim degi sem fyrirspurnartíma lýkur. Upplýsingar um fyrirspurnartíma eru gefnar upp í kafla 1.1.2 Yfirlit - mikilvægar dagsetningar. Svör við fyrirspurnum verða birt í útboðskerfinu og eru aðgengileg öllum bjóðendum. Það fyrirkomulag er til að tryggja gagnsæi og jafnræði þannig að allir bjóðendur fái sömu upplýsingar á sama tíma.

1.1.4 Afhending tilboða

Tilboði skal skila rafrænt í útboðskerfinu [Tendsign](#).

Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem lýst er í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs.

Bjóðandi fær sendan staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Bjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Mercell þjónustuaðila TendSign án tafar. Hægt er að ná í Mercell þjónustuaðila TendSign í síma +46 77 1440 200 (sænskt símanúmer) og með tölvupósti tendsignsupport@mercell.com.

Bjóðendur bera ábyrgð á að tilboð berist innan tilskilins frests og eru því hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila inn tilboðum. Bjóðanda er bent sérstaklega á að gæta að eldveggjum og öðru sem gæti hindrað að tilboð berist í tæka tíð. Álag sem getur verið á rafræna kerfinu firrir bjóðanda ekki ábyrgð á að rafrænum skilum sé fullnægt innan frests.

1.1.5 Framsetning tilboða

Tilboð telst vera skuldbindandi þegar því hefur verið skilað í útboðskerfinu. Tilboð skal lagt fram af aðila innan fyrirtækisins sem hefur skv. lögum og skipulagi fyrirtækisins heimild til að skuldbinda það. Ef ósamræmi eða reiknivillur eru í tilboði, er verkkaupa heimilt að miða við það einingarverð sem fram kemur á tilboðsblöðum ef villa er augljós og leiðrétting raskar ekki jafnræði bjóðenda.

Athygli er vakin á að rafræn heiti skjala mega ekki innihalda sértákn, svo sem % & ? o.s.frv.

Hvert skjal má ekki vera stærra en 50 mb.

Athygli er vakin á að skjöl sem innihalda óundanþægar "SKAL" kröfur skulu ekki vera lagðar fram með tillögu á .xml formi.

Öll einingarverð í tilboðsskrá skulu vera með virðisaukaskatti.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að hafna þeim tilboðum sem ekki eru sett fram samkvæmt útboðsgögnum þessum.

Útfyllt tilboðsskrá er trúnaðarmál milli verkkaupa og bjóðanda.

Ekki er heimilt með frávíkstilboði að gera tilboð í aðra tilhögun verksins en þá sem lýst er í útboðsgögnum.

1.1.6 Gildistími tilboða - Frestur til að taka tilboði

Þegar verkkaupa er ekki unnt að taka afstöðu til tilboða innan tilboðsfrests er heimilt að óska eftir því að bjóðendur framlengi tilboð sín. Framlenging skal aðeins vara í skamman tíma. Heimilt er að óska eftir því, eftir að tilboðsfrestur hefur runnið út, að bjóðendur lýsi því yfir að tilboð þeirra haldi gildi sínu, þó aðeins í mjög skamman tíma, sbr. 4. mgr. 86. gr. OIL.

1.1.7 Gerð og frágangur tilboða

Tilboð skal gera í hvern verklið eins og honum er lýst í útboðsgögnum.

Bjóðandi skal skrá tilboð sitt í tilboðsskrá og á tilboðsblað. Einingarverð skulu vera í heilum krónum með virðisaukaskatti.

Auk tilboðsskrár og tilboðsblaðs skulu tillögu fylgja allar tækniupplýsingar, útreikningar, greinargerðir, lýsingar og teikningar sem nægja til að meta tillögu bjóðanda.

1.1.8 Frávikstilboð

Ekki er heimilt að gera frávikstilboð.

1.1.9 Innifalið í tilboði

Allur kostnaður verktaka vegna verksins, hverju nafni sem hann nefnist, skal innifalinn í tilboði. Skal tilboð fela meðal annars í sér stjórnunar- og fjármagnskostnað verktaka, fjármögnunar- og áhættukostnað, hagnað, opinber gjöld og tryggingar.

Einnig skal vera innifalið í tilboði allur kostnaður verktaka við vinnu, efni, vélar, áhöld, allur kostnaður við rekstur aðstöðu, bíla, síma, flutningar o.s.frv. Einnig lög- og samningsbundin gjöld er hljóttast af því að hafa menn í vinnu og selja efni og vinnu, þar með talinn virðisaukaskattur og allur annar kostnaður þótt ótalinn sé hér.

1.1.10 Fylgigögn með tilboði

Í útboðsgögnum þessum er tilgreint hvaða gögn og upplýsingar bjóðendur skulu skila inn með tilboði sínu og skal umbeðnum gögnum og upplýsingum skilað í samræmi við þau fyrirmæli.

1.1.11 Afturköllun tilboða

Á tilboðstíma getur bjóðandi hvenær sem er dregið tilboð sitt til baka, breytt tilboði sínu og skilað aftur. Kerfið staðfestir með tölvupósti þegar tilboði hefur verið skilað. Hafi tilboð ekki verið afturköllað telst það vera skuldbindandi.

1.1.12 Opnun tilboða

Þar sem um er að ræða rafrænt innkaupaferli verður ekki haldinn eiginlegur opnunarfundur þar sem bjóðendur geta verið viðstaddir. Eftir að tilboð eru opnuð er opunarskýrsla send öllum bjóðendum í gegnum útboðskerfið [TendSign](#).

Upplýsingar sem koma fram í opunarskýrslu eru að lágmarki eftirfarandi eftir því sem við á sbr. 65. gr. OIL:

- a. Nafn bjóðanda
- b. Heildartilboðsupphæð
- c. Kostnaðaráætlun verkkaupa

Ekki er tekið við tilboðum eftir að tilboðsfresti lýkur, hvort sem er með rafrænum hætti eða bréflega.

Bjóðendur eru því hvattir til að skila tilboðum tímanlega og skila inn tilboðum áður en tilboðsfrestur rennur út. Tilboð bjóðanda er ekki sýnilegt verkkaupa inni í TendSign fyrr en tilboðsfrestur rennur út.

Framsetning opnunarfundargerðar skv. 65. gr. OIL er með fyrirvara um að ekki hefur verið tekin afstaða til gildis tilboða og mat á þeim á eftir að fara fram.

1.1.13 Meðferð og mat tilboða

Ef margföldunar- og/eða samlagningarskekkjur finnast í tilboðsskrá skal gera viðeigandi leiðréttingar á niðurstöðutölum tilboðs en einingarverð er bindandi fyrir bjóðendum. Einingarverð er einnig bindandi innan eðlilegra marka gagnvart þeim magnaukningum og aukaverkum sem verktaki kann að verða beðinn um að framkvæma.

Við yfirferð tilboða er einingarverð bjóðenda sett inn í tilboðsskrá útboðsgagna. Hafi bjóðandi breytt magni, fellt niður línur eða bætt línur við tilboðsskrána kemur það ekki fram við yfirferð, enda er slíkt óheimilt. Verkaupi áskilur sér engu að síður rétt til að líta á slík tilboð sem gild, óútfylltir liðir teljast innifaldir í öðrum liðum.

Verkaupi áskilur sér rétt til að láta minni háttar vöntun eða formannmarka á fylgigögnum með tilboði ekki hafa áhrif á gildi tilboða, enda hafi vöntunin eða annmarkinn að mati verkaupa ekki áhrif á tölulega niðurstöðu tilboðs, jafnræði bjóðenda sé ekki raskað og ógildi tilboðs fæli í sér strangari ákvörðun en nauðsynlegt væri vegna eðlis og umfangs annmarkans.

Verkaupi mun velja fjárhagslega hagkvæmasta tilboð á grundvelli lægsta verðs að uppfylltum þeim skilyrðum og kröfum sem koma fram í útboðsgögnum. Verkaupi áskilur sér þó rétt til að hafna tilboðum sem eru meira en 20% yfir kostnaðaráætlun verkaupa.

1.1.14 Frávísun tilboða

Verkaupi áskilur sér rétt til að vísa frá óskýrum tilboðum sem innihalda ekki þær upplýsingar sem krafist er í útboðsgögnum.

1.1.15 Tilkynning um val tilboða og biðtími

Óheimilt er að gera samning í kjölfar ákvörðunar um val tilboðs fyrr en að liðnum lögmætum biðtíma, sbr. 86. gr. OIL Biðtíminn er tíu dagar í útboðum yfir EES viðmiðum og fimm dagar í útboðum undir EES viðmiðum. Biðtími hefst degi eftir að tilkynning um val tilboðs hefur verið send bjóðendum.

Tilboð verður samþykkt endanlega með skriflegum hætti innan gildistíma þess sbr. skilmála útboðs og er þá kominn á bindandi samningur á grundvelli útboðsgagna og tilboðs bjóðanda.

1.1.16 Samþykki eða höfnun tilboðs

Verkaupi mun samþykkja hagstæðasta gilda tilboðið samkvæmt valforsendum útboðsskilmála.

Þar til búið er að samþykkja tilboð er verkaupa heimilt að hætta við útboðið á grundvelli málefnalegra ástæðna. Ástæður geta t.d. verið að engin gild tilboð bárust, tilboð eru óaðgengileg vegna þess að þau eru yfir kostnaðaráætlun eða fjárheimildum verkaupa.

Skriflegur samningur verður gerður um verkið.

Áður en verksamningur er undirritaður skal verktaki leggja fram verktryggingu.

1.1.17 Umboð

Sé tilboð lagt fram í umboði annars aðila skal bjóðandi skila inn sérstöku formi þar að lútandi. Í umboði skal koma fram í hvaða skyni umboðið er veitt og undirritun umboðsgjafa auk undirritunar tveggja votta sem staðfesta undirritun umboðsgjafa og dagsetningu.

a. Er tilboð lagt fram í umboði annars aðila?

Já/Nei



b. Ef já, hengið þá viðeigandi skjöl við hér.

Viðhengi

**1.1.18 Almennir fyrirvarar**

Útboðs- og samningsskilmálar þessir gilda varðandi verk þetta og upplýsingar sem kaupandi hefur veitt varðandi fyrirhugaðan samning, áður en innkaupaferlið var auglýst, hafa enga þýðingu. Bjóðendur geta því ekki byggt rétt á slíkum gögnum/upplýsingum gagnvart verkkaupa.

Verkkaupi getur hætt við kaupin fram að þeim tíma að bindandi samningur hefur verið gerður. Ástæður geta m.a. verið að þarfir verkkaupa hafa breyst, ný tækni kallar á aðrar lausnir en útboðsgögn gerðu ráð fyrir eða ófyrirsjáanleg útgjöld verkkaupa gera þeim ókleift að framkvæma verkið.

Komi í ljós skömmu fyrir lok tilboðsfrests, að gera þarf stórvægilegar breytingar á útboðsgögnum sem ekki rúmast innan marka 4. mgr. 57. gr. OIL, áskilur verkkaupi sér rétt til að hætta við innkaupaferlið bótalaust og auglýsa ferlið að nýju.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að hafna öllum tilboðum frá fyrirsvarsmönnum sem hafa gerst sekir um mútur, ólöglegt samráð eða brot gegn samkeppnislögum. Komi í ljós að verktaki hafi hlotið samning vegna slíkra brota, áskilur verkkaupi sér rétt til skaðabóta og bendir auk þess á ákvæði samkeppnislaga og hegningarlaga varðandi sektir og önnur viðurlög fyrir slík brot.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að hafna öllum tilboðum frá bjóðanda þegar verulegir eða viðvarandi annmarkar hafa verið á framkvæmd fyrirtækis hans á efnislegum kröfum samkvæmt fyrri opinberum samningum sem hafa leitt til vanefndaúrræða.

Komi í ljós að verktaki hefur boðið of lágt og getur ekki framkvæmt samning fyrir tilboðsfjárhæð og verkkaupi þarf að leggja fram meira fé vegna samningsins, mun fara fram rannsókn á því hver ber ábyrgðina og hverju það sætti. Komi í ljós að um brot á lögum er að ræða verður viðeigandi yfirvöldum gert viðvart.

1.1.19 Persónuvernd

Þar sem ýmis gögn sem óskað er eftir frá bjóðendum kunna að innihalda persónuupplýsingar skal það tekið fram að fyllsta öryggis verður gætt við meðhöndlun og geymslu þeirra gagna. Gögnin verða ekki afhent þriðja aðila nema skv. skýrri lagaheimild né verða þau flutt út fyrir EES svæðið.

Verkkaupi telur að gerðar hafi verið viðeigandi ráðstafanir til að tryggja öryggi þeirra upplýsinga/gagna sem bjóðandi sendir í samræmi við gildandi lög um persónuvernd hverju sinni. Hinn skráði á rétt á að fara fram á það við ábyrgðaraðila að fá aðgang að persónuupplýsingum sínum, láta leiðrétta þær, takmarka vinnslu þeirra hvað hinn skráði varðar eða til að andmæla vinnslu. Á bjóðendum hvílir skylda til þess að tryggja lögmæti vinnslu persónuupplýsinga hinna skráðu sem felst í því að miðla þeim til verkkaupa í þessu útboði.

Samningsaðilar bera bótaábyrgð skv. persónuverndarlögum og geta ekki samið sig undan henni.

Á heimasíðu [Kópavogsbæjar](#) má finna upplýsingar um meðferð persónuupplýsinga.

1.1.20 Trúnaður

Verkkaupa er óheimilt skv. 17. gr. OIL að láta af hendi viðkvæmar upplýsingar sem fyrirtæki/bjóðandi hefur lagt fram sem trúnaðarupplýsingar. Til slíkra upplýsinga teljast upplýsingar um rekstur, sértækar tæknilausnir, innkaupaverð, fjárhagsmálefni og viðskipti og aðrar þær upplýsingar sem skaðað geta hagsmuni fyrirtækisins/bjóðanda ef aðgangur er veittur að þeim. Verkkaupa er heimilt að krefjast þess að fyrirtæki gæti trúnaðar um mikilvægar upplýsingar sem veittar eru meðan á innkaupaferli stendur.

Bjóðandi skal auðkenna sérstaklega þá kafla tilboðs sem afhentir eru sem trúnaðarmál. Þetta hefur ekki áhrif á skyldu opinbers aðila til að leggja fram upplýsingar á grundvelli upplýsingalaga. Trúnaðarskyldan víkur ef

önnur ákvæði laganna kveða á um að skylt sé að afhenda gögn, t.d. skylda til að birta opinberlega tilkynningu um gerð samnings á Evrópska efnahagssvæðinu og upplýsa þátttakendur og bjóðendur um tiltekin atriði sem og skylda til að veita kærunefnd útboðsmála upplýsingar.

1.1.21 Leiðbeiningar um kæruleiðir

Í XI. og XII. kafla OIL er fjallað um kærunefnd útboðsmála og kæruleiðir. Þar kemur m.a. fram í 1. mgr. 106 gr.: Kæra skal borin skriflega undir kærunefnd útboðsmála innan 20 daga frá því að kærandi vissi um eða mátti vita um þá ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem hann telur brjóta gegn réttindum sínum. Kröfu um óvirkni samnings er þó heimilt að bera undir nefndina innan 30 daga frá framangreindu tímamarki. Þó verður krafa um óvirkni samnings ekki höfð uppi þegar sex mánuðir eru liðnir frá gerð hans.

Í kæru skulu koma fram upplýsingar um kæranda, þann eða þá aðila sem kæra beinist að (varnaraðila) og ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem er kærð. Í kæru skulu koma fram kröfur kæranda ásamt stuttri lýsingu málsatvika og málsástæðna sem og rökstuðningur. Kröfugerð kæranda skal lúta að úrræðum nefndarinnar samkvæmt lögum um opinber innkaup. Kærandi skal tilkynna verkkaupum um kæru eins skjótt og mögulegt er. Fyrir hverja kæru skal greiða kærugjald að fjárhæð 210.000 kr. til kærunefndar. Bjóðandi er hvattur til að kynna sér frekar réttarúrræði laga nr. 120/2016 um opinber innkaup. Upplýsingar um kærunefnd útboðsmála eru birtar á [vefsíðu stjórnarráðsins](#).

1.2 Hæfi bjóðanda

Í þessum kafla er hæfiskröfum til bjóðenda lýst. Ef bjóðandi uppfyllir ekki allar hæfiskröfur útboðs, telst tilboð hans ógilt skv. 82. gr. OIL og verður tilboði hans því vísað frá.

Ef bjóðandi byggir á getu annars aðila í samræmi við 76. gr. OIL skal hæfisýfirlýsing bjóðanda einnig innihalda viðeigandi upplýsingar skv. 1. mgr. 73. gr., um þann aðila. Bjóðandi skal jafnframt sanna fyrir verkkaupa að hann hafi tryggt sér tilgreinda aðstoð, t.d. með því að leggja fram skuldbindandi yfirlýsingu annars aðila um að hann muni annast verkið.

Hæfi bjóðenda verður metið á grundvelli þeirra upplýsinga sem þeir senda inn með tilboðum sínum, eða gögnum sem Kópavogsbær hefur áskilið sér rétt til að óska eftir.

1.2.1 Yfirlýsing um hæfi - ESPD

Bjóðanda er heimilt að fylla út og skila með tilboði sínu samevrópsku hæfisýfirlýsingunni (ESPD) sem eigin yfirlýsingu og bráðabirgðasönnun þess að ástæða til útilokunar skv. 68. gr. sé ekki til staðar og að fyrirtæki uppfylli hæfiskröfur vegna starfsréttinda, fjárhagsstöðu og tæknilega og faglega getu.

Bjóðanda er heimilt að skila inn sönnunargögnum með tilboði sínu en er ekki skyldugur til að gera það. Verkkaupi getur hvenær sem er á meðan að innkaupaferli stendur farið fram á að fyrirtæki skili inn öllum eða hluta fylgiskjala til að tryggja eðlilegan framgang innkaupaferils.

[Hæfisýfirlýsing](#) fylgir með á rafrænu formi og skal skila því útfylltu á rafrænu formi.

Kjósi bjóðandi frekar að fylla ekki út samevrópska yfirlýsingu um hæfi, er honum heimilt að skila öllum umbeðnum gögnum um hæfi með tilboði sbr. kröfur í útboðskerfi.

Skil á ESPD yfirlýsingu/valkvætt

Viðhengi



1.2.2 Byggt á getu annarra

Byggi bjóðandi á getu annars fyrirtækis skal það fyrirtæki skila inn sömu upplýsingum og bjóðandi. Verkaupi áskilur sér rétt til að krefjast þess að bjóðandi og viðkomandi aðili beri sameiginlega ábyrgð á efndum samnings sbr. 3. mgr. 76. gr. OIL.

Ef aðili byggir á getu annars aðila í samræmi við 76. gr. OIL skal hæfisyfirlýsing bjóðanda einnig innihalda viðeigandi upplýsingar skv. 1. mgr. 73. gr., um þann aðila.

Aðili skal jafnframt sanna fyrir verkkaupa að hann hafi tryggt sér tilgreinda aðstoð, t.d. með því að leggja fram skuldbindandi yfirlýsingu annars aðila um að hann muni annast verkið. Hæfi bjóðenda verður metið á grundvelli þeirra upplýsinga sem þeir senda inn með tilboði sínu eða gögnum sem Kópavogsbær hefur áskilið sér rétt til óska eftir við yfirferð tilboða á grundvelli laga um opinber innkaup.

Athygli er vakin á því að ef fleiri en einn aðili hyggst standa að tilboði teljast þau bera sameiginlega (in solidum) ábyrgð á efndum samnings sbr. 3. mgr. 76. gr. OIL. Verkkaupi mun krefjast þess að eitt fyrirtæki komi fram fyrir hönd hinna við framkvæmd samnings og standi verkkaupa öll skil.

Verkkaupi mun krefjast þess að samningsaðilar stofni til sameiginlegs fyrirtækis telji hann það nauðsynlegt vegna framkvæmdar samnings.

a. Byggir bjóðandi á getu annarra?

Já/Nei



b. Ef já, hengið þá viðeigandi skjöl við hér

Viðhengi



1.2.3 Undirverktakar

Bjóðandi skal upplýsa verkkaupa í tilboði hvaða undirverktaka hann hyggst nota, ef einhverjir kunna að vera og leita samþykkis verkkaupa áður en undirverktaki hefur störf. Undirverktakar skulu uppfylla allar kröfur sem gerðar eru til þerra starfa, sem þeir sinna og leggja fram gögn sem sýna fram á réttindi og hæfi. Bjóðand ber fulla ábyrgð á því að undirverktaki skili verkefni í samræmi við útboðsskilmála. Verði breytingar á vali á undirverktaka á samningstíma gildir það sama.

Komi tilboð til álita er verkkaupa heimilt að krefjast þess að bjóðandi leggi einnig fram hæfisyfirlýsingu skv. 73. gr. OIL fyrir undirverktaka og síðar ef breyting verður varðandi undirverktaka á samningstíma.

Ef útilokunarástæður skv. 68. gr. OIL eiga við um undirverktaka er bjóðanda skylt að útvega nýjan undirverktaka í hans stað. Sama á við ef undirverktaki uppfyllir ekki kröfur um tæknilegt hæfi varðandi þann samningsþátt sem honum er falinn. Undirverktaka skal í öllum tilvikum byggjast á skriflegum samningi og skal bjóðandi skila yfirlýsingu/staðfestingu viðkomandi undirverktaka þar um, komi tilboð til álita.

a. Ætlar bjóðandi að nota undirverktaka?

Já/Nei

Athugasemdir birgja leyfðar



b. Ef já, hengið viðeigandi skjöl við hér. Upplýsingar um undirverktaka og hvaða hluta verksins hann/þeir koma til með að taka að sér

Viðhengi



c. Viljayfirlýsing undirverktaka/iðnmeistara um þátttöku í verkinu, ef við á

Viðhengi



1.2.4 Útilokunarástæður bjóðanda



Bjóðandi sem hefur verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir eftirtalin afbrot skal útilokaður frá þátttöku í innkaupaferli:

- a. Þátttöku í skipulögðum glæpasamtökum.
- b. Spillingu.
- c. Sviksemi.
- d. Hryðjuverk eða brot sem tengjast hryðjuverkastarfsemi.
- e. Peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka.
- f. Barnaþrælkun eða annars konar mansal.

Skylda til að útiloka þátttakanda eða bjóðanda gildir einnig þegar einstaklingur, sem hefur verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir brot skv. 1. mgr. 68. gr. OIL., er í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn viðkomandi fyrirtækis eða hefur heimild til fyrirsvars, ákvörðunartöku eða yfirráða í því.

Þátttakandi eða bjóðandi skal útilokaður frá þátttöku í innkaupaferli hafi hann brotið gegn skyldum um greiðslu opinberra gjalda, lífeyrissjóðsiðgjalda eða annarra lögakveðinna gjalda og því hefur verið endanlega slegið föstu með ákvörðun dómstóls eða stjórnvalds þar sem þátttakandi eða bjóðandi er skráður eða í aðildarríki innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þátttakandi eða bjóðandi skal skila inn vottorði þess efnis og má það ekki vera eldra en 3 mánaða.

Auk þess áskilur verkkaupi sér rétt til að útiloka fyrirtæki frá þátttöku í innkaupaferli ef aðrar ástæður til útilokunar sem tilgreindar eru í 68. gr. OIL eiga við um hann. Með heimild í 6. mgr. 68. gr. laga um opinber innkaup og með vísan til tilmæla OECD, Working group on Bribery, mun kaupandi við mat á hæfi bjóðanda og ákvörðun um samningsgerð taka mið af því hvort fyrirtæki hafi gert nægar ráðstafanir til að koma í veg fyrir og upplýsa um mútugreiðslur af hálfu starfsmanna fyrirtækisins til innlendra og erlendra aðila, t.a.m. með innri úttektum, ábendingarhnapp á heimasíðu, siðareglum og stefnu varðandi gjafir og umbun til viðskiptaaðila. Bjóðandi skal staðfesta og upplýsa hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar í þessu skyni í tilboði sínu.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að kalla hvenær sem er eftir frekari gögnum skv. 74. gr.

Með því að leggja fram tilboð, staðfestir bjóðandi að framangreindar útilokunarástæður eiga ekki við um hann (fyrirtækið), einstaklinga í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn fyrirtækisins og heldur ekki um einstaklinga sem hafa heimild til fyrirsvars, ákvarðanatöku eða yfirráða í því

Já/Nei. **Já er krafist**

1.2.5 Starfsréttindi

Krafa	Staðfesting
Bjóðandi skal vera skráður í fyrirtækjaskrá. Sé fyrirtæki frá öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu skal sýna fram á fullnægjandi skráningu í heimaríki með vottorði.	Vottorð úr fyrirtækjaskrá. Erlend fyrirtæki: Sönnunargagn um að fyrirtæki sé skráð í fyrirtækjaskrá eða sambærilegri skrá í því landi þar sem fyrirtækið er stofnað.

Bjóðandi sem nýtir starfsmannaleigu skal geta sýnt fram á að hún hafi verið tilkynnt til Vinnumálastofnunar og hafi starfsleyfi á Íslandi. Bjóðandi sem fyrirhugar að ráða ríkisborgara frá ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, EFTA ríkis eða Færeyja skal sækja um og vera búinn að fá útgefið atvinnuleyfi áður en viðkomandi hefur störf.

a. Vottorð úr fyrirtækjaskrá eða sambærilegri erlendri skrá

Viðhengi

b. Kröfur uppfylltar? Svarað af verkkaupa

Já/Nei. Já er krafist



1.2.6 Fjárhagsstaða bjóðanda

Fjárhagsstaða bjóðanda skal vera það trygg að hann geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart verkkaupa, sbr. 71. gr. OIL.

Bjóðandi skal uppfylla eftirfarandi fjárhagskröfur og leggja fram með tilboði gögn þar að lútandi eða gera grein fyrir hæfi sínu skv. samevrópsku hæfisyfirlýsingunni - ESPD:

Krafa	Staðfesting
Eigið fé bjóðanda skal vera jákvætt skv. ársreikningi 2024.	Framlagður ársreikningur skal vera í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerðir og settar reikningsskilareglur eftir því sem við á. Ársreikningur skal vera án athugasemda um rekstrarhæfi.
Bjóðandi skal geta fengið verktryggingu frá banka	Skila skal staðfestinu frá banka um að verktrygging verði gefin út fái bjóðandi verkið.
Leggi fleiri en einn aðili fram sameiginlegt tilboð bera þeir saman óskiptábyrgð á að efna skuldbindingar samkvæmt tilboði.	Allir bjóðendur skulu sýna fram á jákvætt eigið fé skv. ársreikningi 2024.

Ef ársreikningur bjóðanda sýnir að eigið fé nái ekki þessari kröfu er verkkaupa þó heimilt að taka til greina upplýsingar í formi árshlutareiknings árituðum af löggiltum endurskoðanda eða yfirlýsingu löggilts endurskoðanda byggðri á upplýsingum um efnahag bjóðanda, um að eigið fé bjóðandans sé jákvætt á tilboðsdegi.

Eiginfjárhlutfall er reiknað sem eigið fé/heildarfjármagn.
(<https://www.stjornarradid.is/media/atvinnuvegaraduneytimedia/media/vidurkenndirbokarar/Kennitolur-Formulublad-2014.doc.pdf>)

Sé ársreikningur bjóðanda ekki í ársreikningaskrá kann tilboð hans að vera metið ógilt.

Ef könnun á viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda bjóðanda leiðir í ljós nýlegt greiðslu- eða gjaldþrot eða sambærileg atvik er varða bjóðanda, stjórnendur eða eigendur hans, áskilur verkkaupi sér rétt til að hafna tilboði hans, enda eigi í hlut öldungis sams konar rekstrareining, með sömu eða nær sömu eigendur (eða skyldmenni eða tengdafólk fyrri eigenda), í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi, á sama markaði en með nýja kennitölu.

a. Ársreikningur 2024

Viðhengi



b. Staðfesting frá banka um að verktrygging verði gefin út komi til samninga

Viðhengi



c. Kröfur uppfylltar? Svarað af verkkaupa

Já/Nei. Já er krafist



1.2.7 Opinber gjöld og lífeyrissjóðsskuldbindingar

Bjóðandi skal vera í skilum með öll opinber gjöld þar með talið skatt, virðisaukaskatt og lífeyrisskuldbindingar.

Krafa	Staðfesting
Bjóðandi skal vera í skilum með opinber gjöld	Vottorð frá skattinum eða sambærileg staðfesting frá heimalandi bjóðanda skv. e-certis. Vottorð skal ekki eldra en þriggja mánaða á opnunardegi tilboða
Bjóðandi skal vera í skilum með lífeyrisskuldbindingar sínar.	Vottorð frá lífeyrissjóðum a.m.k. helmingi starfsfólks eða sambærileg staðfesting frá heimalandi bjóðanda skv. e-certis. Vottorð skal ekki eldra en þriggja mánaða á opnunardegi tilboða

Litið er svo á að bjóðandi sé í skilum með opinber gjöld hafi hann gert greiðsluáætlun við skattayfirvöld um greiðslu á vanskilum á opinberum gjöldum og standi við greiðslur samkvæmt þeirri áætlun.

Tilboði aðila sem eru í vanskilum með opinber gjöld eða lögboðin iðgjöld í lífeyrissjóðum verður vísað frá.

Farið verður með ofangreindar upplýsingar sem trúnaðarmál. Með því að samþykka skilmála útboðs og skila inn tilboði veitir bjóðandi verkkaupa heimild til að sannreyna upplýsingar hjá innheimtumönnum opinberra gjalda og vörsluaðilum lífeyrissjóða.

a. Vottorð frá Skattinum eða sambærileg staðfesting

Viðhengi



b. Vottorð frá öllum viðeigandi lífeyrissjóðum eða sambærileg staðfesting

Viðhengi



c. Kröfur uppfylltar? Svarað af verkkaupa

Já/Nei. Já er krafist



1.2.8 Umhverfisstefna



Bjóðandi skal veita upplýsingar um umhverfissvottun/-stefnu fyrirtækis eða loforð um afhendingu þeirra upplýsinga eigi síðar en við upphaf verks.

a. Umhverfisstefna bjóðanda eða undirritað loforð um afhendingu hennar eigi síðar en við upphaf verks

Viðhengi



b. Kröfur uppfylltar? Svarað af verkkaupa

Já/Nei. Já er krafist



1.2.9 Gæðastaðlar / Gæðastjórnunarkerfi / Gæðavottun



Bjóðandi skal veita upplýsingar um gæðakerfi/-vottun fyrirtækis eða loforð um afhendingu þeirra upplýsinga eigi síðar en við upphaf verks.

Krafa	Staðfesting
Bjóðandi skal vinna samkvæmt skilgreindu gæðastjórnunarkerfi og skulu stjórnendur hafa unnið með gæðastjórnunarkerfi í að minnsta kosti einu verki.	Bjóðandi skal leggja fram vottun eða afrit af gæðastjórnunarkerfi/handbók. Upplýsingar um verk þar sem unnið hefur verið með gæðastjórnunarkerfi.

Bjóðendur vinsamlegast athugið að staðfesta skal að ofangreind krafa/kröfur sé uppfyllt.

a. Afrit af gæðahandbók bjóðanda eða undirritað loforð um afhendingu hennar eigi síðar en við upphaf samnings

Viðhengi



b. Kröfur uppfylltar?

Já/Nei. Já er krafist



1.2.10 Öryggis-, umhverfis- og heilbrigðisáætlun

Bjóðandi skal vinna samkvæmt skilgreindri öryggis- og heilbrigðisáætlun.

Krafa	Staðfesting
Bjóðandi skal vinna samkvæmt skilgreindri öryggis- og heilbrigðisáætlun.	Afrit af skírteinum eða undirritað loforð um afhendingu þeirra við undirritun verksamnings.

a. Öryggis- og heilbrigðisáætlun bjóðanda eða undirritað loforð um afhendingu hennar eigi síðar en við upphaf samnings

Viðhengi



b. Kröfur uppfylltar?

Já/Nei. Já er krafist



1.2.11 Tæknileg og fagleg geta bjóðanda

Tæknileg og fagleg geta fyrirtækis skal vera það trygg að það geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart verkkaupa. Fyrirtæki er heimilt að byggja á fjárhagslegri, tæknilegri og faglegri getu annarra aðila óháð lagalegum tengslum við þá, sbr. 76. gr. OIL.

Við mat verkkaupa á hæfni og reynslu bjóðanda samkvæmt þessu ákvæði er verkkaupa heimilt að taka tillit til hæfni og reynslu eigenda, stjórnenda, lykilstarfsmanna, undirverktaka og sérstakra ráðgjafa bjóðanda af verklegum framkvæmdum og leggja slíka hæfni og reynslu að jöfnu við hæfni og reynslu bjóðandans sjálfs, þótt reynsla viðkomandi aðila hafi áunnist í öðru fyrirtæki en hjá bjóðanda.

Eftirfarandi kröfur eru gerðar til tæknilegrar og faglegrar getu bjóðanda og skal hann skila inn staðfestingu þar

um:

Krafa	Staðfesting
a. Bjóðandi skal skila almennum upplýsingar um bjóðanda, fyrirtæki hans og starfslið.	- Almennar upplýsingar um bjóðanda, fyrirtæki hans og starfslið. - Nöfn og starfsreynsla helstu stjórnenda, sem að verkinu koma.
b. Yfirstjórnandi verksins skal hafa reynslu af yfirborðsmerkingum af sambærilegri stærðargráðu á sl. 5 árum.	- Bjóðandi skal með tillögu sinni skila gögnum um yfirstjórnanda. - Upplýsingar um sambærilegt verk sem yfirstjórnandi hefur stjórnað á sl. 5 árum. - Í upplýsingum um sambærileg verk yfirstjórnanda sem skulu að lágmarki koma fram eftirfarandi: Verkkaupi verksamnings, verktími og upphæð verksamnings.
c: Bjóðandi skal hafi á síðustu fimm árum unnið að minnsta kosti tvö sambærileg verkefni að umfangi.	- Bjóðandi skal með tilboði sínu skila gögnum um hvaða sambærilegt verk bjóðandi hefur unnið á sl. 5 árum. - Upplýsingar sem skulu koma fram eru að lágmarki: Verkkaupi verksamnings, verktími og upphæð verksamnings.
d: Bjóðandi skal hafa yfir að ráða nægum búnaði til verksins	Listi yfir vélar og tæki og tæknibúnað sem nýta skal til verksins ásamt ástandi þess.

Gerðar eru sömu kröfur til aðalverktaka og undirverktaka varðandi þá verkþætti sem þeir vinna í verkinu.

Bjóðendur vinsamlegast athugið að staðfesta skal að ofangreindar kröfur um reynslu og getu séu uppfylltar, hér að neðan. Verkkaupi áskilur sér rétt til að sannreyna framlögð gögn og skulu bjóðendur, í þeim tilvikum, tafarlaust veita umbeðnar upplýsingar sem málið varða, ella áskilur verkkaupi sér rétt til að vísa tilboði frá þessu útboði ella áskilur verkkaupi sér rétt til að vísa tilboði bjóðanda frá sem ógildu.

Lögð er áhersla á að bjóðendur **skili inn** með tilboði sínu **öllum** umbeðnum gögnum. Sé það ekki gert eiga bjóðendur á hættu að tilboðið verði metið ógilt.

a. Almennar upplýsingar um bjóðanda, fyrirtæki hans og starfslið, sbr. lið a hér að ofan

Viðhengi

**b. Upplýsingar um reynslu yfirstjórnanda af sambærilegum verkum sl. 5 ár, verkkaupi, verktími og upphæð verksamnings, sbr. lið c hér að ofan**

Viðhengi

**c. Upplýsingar um reynslu bjóðanda af sambærilegum verkum sl. 5 ár, verkkaupi, verktími og upphæð verksamnings, sbr. lið d hér að ofan**

Viðhengi

**d. Listi yfir vélar og tæki og tæknibúnað sem nýta skal til verksins, sbr. lið e hér að ofan**

Viðhengi

**e. Kröfur uppfylltar? Svarað af verkkaupa**Já/Nei. **Já er krafist****1.2.12 Viðskiptasiðferði**

Bjóðandi ábyrgist að hann og starfsmenn hans eru ekki sekir um spillingu og mun með virkum hætti vinna gegn öllum tegundum spillingar, þar með töldum mútum, peningaþvætti, mansali og öðrum lögbrotum sem talin eru upp í 68. gr. OIL.

Vakin er athygli á því að það er refsivert athæfi að bjóða, lofa eða gefa viðskiptavinum, birgjum og/eða opinberum starfsmönnum óviðeigandi eða ólögmætan ávinning, fyrirgreiðslu eða gjöf í tengslum við opinbera samninga. Sama á við um að þiggja slíkan ávinning, fyrirgreiðslu eða gjöf í tengslum við opinbera samninga.

Með því að sækja útboðsgögn og senda inn tilboð staðfestir bjóðandi að hann hafi gert ráðstafanir til að koma í veg fyrir slík brot í sinni starfsemi.

1.2.13 Áskilnaður um frekari upplýsingar um hæfi á síðari stigum

Verkkaupi áskilur sér rétt til að óska eftir frekari upplýsingum á síðari stigum til sönnunar á því að ekki séu fyrir hendi ástæður til útilokunar skv. VI kafla laga nr. 120/2016 um opinber innkaup. Með framlagningu tilboðs í útboði þessu samþykkir bjóðandi að verkkaupi kanni hvort útilokunarástæður laga um opinber innkaup eigi við um hann ef tilboð hans kemur til álita. Sem dæmi má nefna að bjóðendum kann að vera flett upp í Creditinfo. Bjóðanda er ljóst að slík upplýsingaöflun kann að varða fyrirtækið sem um ræðir, eigendur þess og stjórnendur og fyrirtæki sem eru forverar þess, sbr. 7. mgr. 68. gr. OIL.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að óska eftirfarandi upplýsinga:

- Ársreikning síðustu tveggja ára, árituðum án fyrirvara um rekstrarhæfi félags af löggiltum endurskoðanda. Sé síðasti ársreikningur ekki endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda eða hann sýnir neikvæða eiginfjárstöðu er heimilt að leggja fram yfirlýsingu án fyrirvara um jákvæða eiginfjárstöðu frá löggiltum endurskoðanda. Slík yfirlýsing skal miða við stöðu bjóðanda eigi fyrr en viku fyrir opnunardagsetningu tilboða.
- Yfirlýsingu frá banka/tryggingarfélagi, um að bjóðandi muni fá verktryggingu vegna verksins, án skilyrða.
- Yfirlýsingu frá viðskiptabanka bjóðanda um skilvísi í viðskiptum eða, þar sem við á, sönnunargögn um viðeigandi starfsábyrgðartryggingu, (eða efndatryggingu, eða bankaábyrgð).
- Efndir samninga sl. þrjú ár.

- Yfirlýsingu um heildarveltu fyrirtækisins og eftir því sem við á, veltu á því sviði sem fellur undir samninginn á síðustu þremur fyrirbyggjandi fjárhagsárum.

1.3 Val á tilboði

Í þessum kafla er fjallað um val á tilboði og þær forsendur sem um það gilda. Tilboð er valið á grundvelli valforsendna sem fram koma í þessum kafla og eru í samræmi við 79. gr. OIL.

Tilboð skulu vera bindandi. Ef gerður er fyrirvari um að tilboð sé ekki bindandi eða annað tekið fram sem hefur áhrif á tilboð og með því stangast það á við útboðsgögn er tilboðið metið ógilt.

1.3.1 Valforsendur

Að lokinni yfirferð tilboða og mögulegri leiðréttingu mun verkkaupi ganga til samninga við þann bjóðanda sem á lægsta tilboðið enda uppfylli það allar kröfur útboðsgagna.

1.4 Skilgreiningar, orðskýringar og túlkun

- **BJÓÐANDI/ÞÁTTTAKANDI** - Fyrirtæki (verktaki, seljandi eða veitandi þjónustu) sem lagt hefur fram tilboð.
- **e-CERTIS** - gjaldfrjáls, rafrænn gagnagrunnur sem hjálpar fyrirtækjum og samningsyfirvöldum að halda utan um þau margvíslegu vottorð sem þarf að leggja fram í útboðum yfir landamæri á Evrópska efnahagssvæðinu.
- **EES** - Evrópska efnahagssvæðið - þar með talið Ísland.
- **MERCELL** - Þjónustuaðili hins rafræna útboðskerfis TendSign.
- **OIL** - Lög um opinber innkaup nr. 120/2016.
- **SKAL** - Í útboðslýsingu þessari merkir að tiltekið atriði eða krafa er óráðvikanleg, þ.e. bjóðandi verður í tilboði sínu að uppfylla slíkt atriði eða kröfu til að tilboðið teljist gilt.
- **SAMNINGUR** - merkir þeir almennu og sérstöku skilmálar sem tilgreindir eru í kröfum kaupanda, fyrirspurnir og svör á tilboðstíma, ásamt viðaukum sem tilgreindir eru í útboðslýsingu.
- **TENDSIGN** - Rafrænt útboðskerfi sem heldur um innkaupaferli og þar sem bjóðendur geta fengið gögn afhent rafrænt. Tilboð eru lögð fram rafrænt í útboðskerfinu.
- **UMBOÐ** - Skriflegt skjal þar sem bjóðandi skipar annan einstakling sem umboðsmann hans eða til að koma fram fyrir hans hönd og veitir umboðsmanni vald til að framkvæma ákveðnar aðgerðir fyrir hans hönd svo sem að gera bindandi samning.
- **UNDIRRITAÐ** - merkir handskrifað eða rafræn undirskrift í gegnum rafræna undirritun.
- **VERKKAUPI** - Stofnun, sveitarfélag eða annar opinber aðili skv. 3. gr. OIL sem kaupir í kjölfar innkaupaferils.
- **VERKSAMNINGUR** - merkir þeir almennu og sérstöku skilmálar sem tilgreindir eru í kröfum verkkaupa, fyrirspurnir og svör á tilboðstíma, ásamt viðaukum sem tilgreindir eru í útboðslýsingu.
- **VERKTAKI** - Bjóðandi sem samið er við að undangengnu innkaupaferli.
- **ÞARF** - Í útboðslýsingu þessari merkir að tiltekið atriði eða kröfu er bjóðanda heimilt að uppfylla í mismiklum mæli með tilboði sínu. Hægt að taka slíkt atriði eða kröfu inn í matslíkan útboðslýsingar og meta tilsvareandi tilboðspátt bjóðanda til stiga eða einkunnar.

Ekki skal tekið tillit til fyrirsagna við túlkun á ákvæðum í skilmálum þessum.

Eintala skal einnig túlkuð sem fleirtala og öfugt þar sem samhengi krefst.

Sjá einnig orðskýringar í [2. gr.](#) laga um opinber innkaup (OIL).

2. Verksamningsskilmálar

2.1 Um samningsskilmála

Í þessum kafla er fjallað um samning og samningsskilmála í kjölfar þessa útboðs við þann þátttakanda sem valinn verður verktaki.

2.2 Samningsgögn

Útboðsgögn, fyrirspurnargögn, þ.m.t. viðaukar, svör við fyrirspurnum og athugasemdum til þátttakenda á tilboðstíma og tillaga þátttakanda er hluti af samningi þessum. Stangist texti samningsgagna á við lög, vikur samningstextinn.

2.3 Samningstími

Samningurinn skal gilda í fjögur ár.

Heimilt er að framlengja saminginn tvisvar sinnum um eitt ár séu báðir aðilar því samþykkir. Er framlenging framkvæmd með skriflegri tilkynningu kaupanda til seljanda. Þar af leiðandi getur heildarlengd samnings mest verða sex ár.

Komi til verulegra vanefnda eða þjónustubrests á ákvæðum samnings á samningstímanum skal hægt að segja honum upp í heild sinni með eins mánaðar fyrirvara. Uppsögn skal vera skrifleg og miðast við mánaðarmót.

2.3.1 Framkvæmdatími - verklok

Miðað skal við að framkvæmdir geti hafist 1. maí ár hvert yfir samningstímann ef veður og aðstæður leyfa. Framkvæmdum skal lokið 15. ágúst ár hvert yfir samningstímann, fyrir utan sérmerkingar og þau svæði þar sem um er að ræða malbiksyfirlagnir.

Verktaki hefur ákveðinn fjölda vinnudaga (vinnanlegra daga) til að ljúka hverjum verkhluta fyrir sig. Vinnudagur telst þegar tiltekið vinnusvæði verktaka er þurr og engin úrkoma er á vinnutíma verktaka hverju sinni. Eftirfarandi listi sýnir fjölda vinnudaga sem verktaki hefur til að ljúka við hvern verkhluta. Í sviga eru áætluð verklok miðað við reynslu síðustu ára.

Verkhluti	Vinnudagar	Áætluð verk
Allar merkingar á Kársnesbraut, Vesturvör, Kópavogsbraut, Digranesvegi, Dalvegi, Smiðjuvegi, Fífuhammsvegi, Rjúpnavegi, Vatnsendavegi og Vatnsendahvarfi	20 dagar	(10. júlí)
Allar aðrar merkingar (aðrar en vegna malbiksyfirlagna)	60 dagar	(15. ágúst)
Allar sérmerkingar og merkingar vegna malbiksyfirlagna		(30. septemb)

Þær götur, sérstaklega tengibrautir og umferðamiklar götur, sem verið er að endurnýja malbik á skal merkja um leið og hægt er eftir að malbik hefur verið lagt, þ.e. samdægurs á meðan gatan er enn lokuð fyrir almennri umferð eftir því sem mögulegt er. Hluta gatna verður ekki hægt að merkja fyrr en eftir að malbiksframkvæmdum er lokið. Samráð skal haft við eftirlitsmann malbikunarframkvæmda.

Þær götur sem tilbúnar eru til merkingar skal merkja eigi síðar en 5 vinnudögum eftir að eftirlitsmaður hefur tilkynnt verktaka að viðkomandi gata sé tilbúin til merkingar, annars reiknast dagsektir sbr. grein „0.5.4 Frestir – Tafabætur (dagsektir)“.

Þegar verktaki telur sig eiga rétt á framlengingu skilafrests skal hann skýra frá því og leggja fram gögn er sýna fram á réttmæti framlengingarinnar.

Ef magn verkliðar breytist þannig að það hafi áhrif á verktímann geta samningsaðilar átt rétt á breytingu á skiladegi, enda sýni þeir fram á að heildarframvinda verksins sé háð viðkomandi verklið.

2.4 Samskipti á samningstíma - Eftirlit verkkaupa



Eftirlit er í höndum Kópavogsbæjar eða tilnefnds fulltrúa þeirra.

Seljandi skal í einu og öllu framkvæma verklið samkvæmt samningi, verklýsingu og í samráði við eftirlitsaðila. Seljanda ber að fylgja lögum og reglum sem um verklið og starfsemi hans gilda. Eftirlitsmaður skal eiga greiðan og óhindraðan aðgang að öllu, sem máli skiptir um efnisval og vinnu við verklið, hvort sem er á vinnustað eða annars staðar þar sem unnið er að verkinu.

Ef seljandi er í vafa um einstök atriði framkvæmdarinnar, efnisval eða annað, sem við kemur verkefninu skal hann tafarlaust leita úrskurðar eftirlitsmanns.

Ef um ósamræmi milli uppdrátta og lýsinga er að ræða skal seljandi tafarlaust tilkynna eftirlitsmanni það til úrskurðar. Eftirlit kaupanda kemur ekki í stað opinbers eftirlits, sem kann að vera kveðið á um í lögum og reglugerðum.

2.5 Verð og verðbreytingar



Verðlagsgrundvöllur samnings er miðaður við samsetta vísitölur liðs „072 Rekstur ökutækja“ úr neysluverðsvísitölu Hagstofu Íslands (grunnur frá árinu 2008) annars vegar og launavísitölu hins vegar. Skipting þeirra er 70% liður 072, og 30% launavísitala. Samningsbundnar greiðslur hækka eða lækka hlutfallslega með hækkun eða lækkun á nefndum liðum.

Verðbætur skulu miðaðar við ofangreinda liði eins og þeir eru skráðir á opunardegi tilboða. Verðbætur reiknast við uppgjör á hverjum reikningi sem nær yfir eins mánaðar tímabil. Hverju sinni skal miða við birtar/skráðar vísitölur við lok mánaðar uppgjörstímabils.

Þrátt fyrir framangreind ákvæði skal þó aldrei miða við lægri vísitölu en upphafsvísitölu verksamnings (útreiknaða samsetta vísitölu).

Tímataxtar í mögulegum aukaverkum og viðbótarverkum verðbætast á sama hátt og samningsbundnar greiðslur.

2.6 Greiðslur og reikningar



Samþykktir reikningar verða greiddir af verkkaupa, eigi síðar en 30 dögum eftir lok úttektarmánaðar. Eindagi skal vera sá sami og gjalddagi.

Greitt verður til verktaka samkvæmt yfirfarinni (leiðréttri) tilboðsskrá. Reikningar skulu lagðir fram samkvæmt samkomulagi á fyrsta verkfundi. Greiðsluliðir skulu reikningsfærðir eftir framvindu verksins og skilmerkilega skal koma fram hvaða liði er verið að innheimta hverju sinni.

Með hverjum reikningi skal verktaki skila yfirliti yfir greiðslustöðu hvers greiðsluliðar í tilboðsskrá og heildargreiðslustöðu samnings. Þetta yfirlit skal sett upp í samráði við eftirlitsmann verkkaupa og við reikningagerð skal haft samráð við hann um mat á greiðsluhlutfalli til að fyrirbyggja að leiðréttingar tefji reikninga. Greiðsla á framvindureikningi innifelur ekki í sér endanlegt samþykki á uppgjöri magntalna.

Verkkaupi mun ekki taka geymslufé af reikningum verktaka. Verkkaupi mun ekki inna af hendi neina greiðslu til verktakans fyrr en verksamningur hefur verið undirritaður.

Gerðir skulu sérstakir reikningar vegna aukaverka og viðbótarverka og þeim fylgi greinargerð um verklið á eyðublöðum sem verkkaupi afhendir og útreikningur þeirra magntalna sem reikningurinn byggist á.

Allir reikningar skulu sendir með rafrænum hætti. Pappírsreikningar munu verða endursendir og kallað eftir

rafrænum reikningum.

Reikningar skulu vera á svokölluðu XML formi og miðlað í gegnum skeytamiðlara. Ekki er tekið við PDF reikningum í gegnum tölvupóst.

Stíla skal reikninga á:

Kópavogsbær

Kt. 700169-3759

Bt, Umhverfissvið gatnadeild

Kópavogsbær áskilur sér 30 daga greiðslufrest miðað við dagsetningu móttöku reiknings. Ef reikningur er ekki sendur á réttan stað eða ber ekki með sér nægar upplýsingar eða gögn til að staðfesta réttmæti hans gildir ekki fyrirheit um greiðslufrest.

Sé verktaki í skuld við Kópavogsbæ á meðan á verki stendur, áskilur verkkaupi sér rétt til þess að ráðstafa greiðslum fyrir verk þetta til greiðslu skulda verktaka við verkkaupa.

Ef verktaki hefur ekki skrifað undir verksamning er heimilt að neita greiðslu reiknings þangað til verksamningur hefur verið undirritaður af honum.

Komi í ljós að verktaki hafi ekki þann tækjakost sem nauðsynlegur er til að vinna verkið eða að öryggisþáttum er ábótavant er verkkaupa heimilt að neita greiðslu reiknings þar til úr hefur verið bætt.

Finna má frekari leiðbeiningar um rafræna reikninga á heimasíðu [Kópavogsbæjar](#).

Dráttarvextir skulu ekki vera hærri en skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

2.7 Févíti



Ljúki verktaki ekki verkinu á tilsettum tíma, af orsökum sem ekki verða raktar til verkkaupa, skal hann greiða verkkaupa dagsektir kr. 50.000 kr./dag fyrir hvern byrjaðan almanaksdag sem það dregst fram yfir tilskilin verklok.

Verkkaupi getur, burtséð frá ákvæðum um févíti, ákveðið að rifta samningi og krefjast bóta vegna afhendingardráttar. Ákvæði um févíti koma eingöngu til skoðunar ef verkkaupi ákveður að rifta ekki samningnum.

2.8 Magntölubreytingar



Magntölur í tilboðsskrá eru áætlaðar og eru settar fram í þeim tilgangi að gera samanburð á tilboðum mögulegur á samræmdan og gagnsæjan hátt. Þær endurspeglar áætlað umfang verksins og eru notaðar til að reikna út tilboðsverð bjóðenda.

Magntölurnar eru því ekki bindandi hvað varðar endanlegt magn eða greiðslur. Greiðslur til verktaka munu einungis fara fram á grundvelli raunverulegra framkvæmda og staðfesta magntalna sem unnar eru á verkstað, í samræmi við samþykktar verkáætlanir og verklýsingar.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að breyta umfangi verksins og þar með magntölum, án þess að það hafi áhrif á einingaverð í tilboði, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

2.9 Vanefndir og uppsögn



Verktaki skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við samþykkt tilboð og skilmála útboðs/samnings. Verði verkkaupi fyrir tjóni af völdum vanefnda verktaka er verktaki að fullu ábyrgur fyrir bótum vegna þess.

Vanefndir verktaka veita verkkaupa heimild til að fella niður greiðslur, krefjast afsláttar eða beita öðrum vanefndaúrræðum fjármunaréttar.

Verði um ítrekaðar eða stórfelldar vanefndir af hálfu seljanda að ræða getur verkkaupi rift samningi án fyrirvara.

Leiti verktaki nauðasamninga eða greiðslustöðvunar, verði hann úrskurðaður gjaldþrota eða árangurslaust fjárnám gert í búi hans, telst það veruleg vanefnd af hálfu verktaka og verkkaupa heimil að beita riftun og öðrum vanefndaúrræðum.

Verkkaupa er heimilt að segja upp samningi:

1. Ef veruleg breyting á samningi kallar á nýtt innkaupaferli, sbr. 90. gr. OIL. Þetta á t.d. við ef breytingar eru kærðar og niðurstaða kærnefndar er að þær voru ekki heimilar án nýs útboðs.
2. Ef fyrirtæki, sem upphaflega var valið, hefði átt að vera útilokað frá innkaupaferli, sbr. 1. og 2. mgr. 68. gr. OIL.
3. Ef á samningstíma kemur í ljós að eitthvað af útilokunarástæðum 68. gr. OIL eiga nú við um fyrirtæki.
4. Ef ekki hefði átt að gera samning við fyrirtæki í ljósi alvarlegs brots á OIL eða reglum settum samkvæmt þeim. Þetta á t.d. við ef í ljós kemur eftir að samningur er kominn á að útilokunarástæður 1. og 2. mgr. 68. gr. OIL eiga við um seljanda.

Uppsögn samnings af hálfu verktaka er óheimil.

2.10 Starfskjör starfsmanna og undirverktaka



Verktaki skal tryggja og bera ábyrgð á að allt starfsfólk hans, undirverktaka/starfsmannaleigna sem koma að framkvæmd samnings fái laun, starfskjör, sjúkra- og slysatryggingar og önnur réttindi, í samræmi við samninginn, gildandi kjarasamninga og lög hverju sinni.

Ofangreint skal eiga við óháð lengd starfstíma starfsfólks. Verktaki skal uppfylla skyldur sínar sem notendafyrirtæki skv. lögum um starfsmannaleigur ef þjónusta slíkra fyrirtækja er notuð og ábyrgist gagnvart verkkaupa, að starfsfólk á vegum starfsmannaleigna njóti réttinda skv. íslenskum lögum og kjarasamningum.

Verkkaupa er heimilt á samningstíma að fara á starfsstöð verktaka/undirverktaka í samráði við viðeigandi stéttarfélag og Vinnumálastofnun og atvinnurekendasamtök og fá upplýsingar um starfsfólk og launagreiðslur til þeirra. Varðandi þessa heimild er vísað til 88. gr. a) í OIL varðandi heimild til söfnunar persónuupplýsinga þegar um verkframkvæmd er að ræða. Verktaki skal gera undirverktaka grein fyrir þessari samningsskyldu.

Hvenær sem er á samningstíma skal verktaki geta sýnt viðkomandi stéttarfélagi, Vinnueftirliti og/eða Vinnumálastofnun fram á að öll réttindi og skyldur skv. ofangreindu séu uppfyllt. Verktaki skal framvísa gögnum sem sýna viðkomandi stéttarfélagi og/eða Vinnumálastofnun fram á að ofangreind réttindi og skyldur séu uppfyllt innan 10 virkra daga frá þeim degi sem gagna er óskað.

Séu gögn ekki afhent innan þess tíma eða seljandi getur ekki sýnt fram á að ofangreind réttindi eða skyldur séu uppfylltar að mati verkkaupa, er verkkaupa heimilt að innheimta dagsektir úr hendi verktaka að fjárhæð allt að kr. 50.000 án vsk á dag, fyrir hvern starfsmann sem réttindi eru brotin á, eða fyrir hvern dag sem gögn eru ekki afhent innan tilgreinds tímafrests. Dagsektir skulu greiddast þar til bætt hefur verið úr.

Verkkaupi áskilur sér jafnframt rétt til að halda eftir samningsgreiðslum til að greiða vangoldnar launagreiðslur eða samningsgreiðslur beint til starfsmanna undirverktaka/starfsmannaleigna á kostnað verktaka, verði vanefndir gagnvart þeim. Verkkaupa er heimilt á samningstíma að fara á starfsstöð verktaka/undirverktaka í samráði við viðeigandi stéttarfélag og Vinnumálastofnun og fá upplýsingar um starfsfólk og launagreiðslur til þeirra. Verktaki skal gera undirverktaka grein fyrir þessari samningsskyldu.

Verkkaupa er heimilt vegna dagsekta eða vangoldinna launa að halda eftir greiðslum eða ganga á verktryggingu sé um hana að ræða og áskilur sér rétt til að ráðstafa greiðslum til þolanda/starfsmanns í samráði við viðkomandi stéttarfélag eftir því sem við á. Beiting þessara vanefndaúrræða hefur ekki áhrif á gildi

ábyrgðar/verktryggingar geri skilmálar samnings kröfu um slíka tryggingu.

Sjá leiðbeiningar fjármála- og efnahagsráðuneytisins um keðjuábyrgð á [hér](#).

Verktaki skal vera reiðubúinn að veita upplýsingar, fylla út sjálfsmat og fleira sem greint er frá í leiðbeiningunum til að uppfylla kröfur um keðjuábyrgð aðalverktaka eftir því sem við á.

Skal þá haft samráð við Vinnumálastofnun og stéttarfélag viðkomandi starfsmanna og gæta þess að upplýsingaöflun brjóti ekki gegn persónuverndarlögum. Í 2. mgr. 4. gr. OIL segir:

2.11 Umhverfisvernd og félagsleg réttindi



Vara, þjónusta og verkframkvæmd sem verktaki lætur í té skal uppfylla kröfur íslenskra laga og tilskipana Evrópusambandsins á sviði umhverfisverndar og félagslegra réttinda sem Ísland hefur skuldbundið sig til að undirgangast.

Komi í ljós á samningstímanum að verkið valdi umhverfisspjöllum áskilur kaupandi sér rétt til að rifta samningi án fyrirvara.

2.12 Vistvæn skilyrði – Umhverfisstaðlar boðinnar framkvæmdar



Komi í ljós á samningstímanum að verkið valdi umhverfisspjöllum áskilur kaupandi sér rétt til að rifta samningi án fyrirvara.

2.13 Endurskoðunarákvæði – breytingar á samningstíma



Verkkaupi áskilur sér rétt til að gera breytingar á samningi á samningstímanum að því marki sem heimilt er samkvæmt 90. gr. OIL. Breytingar geta bæði verið skv. samkomulagi við verktaka eða aðra aðila ef um vanefndir verktaka er að ræða og nauðsynlegt er að semja við annan aðila um að uppfylla samningsskyldur. Sjá einnig kafla um starfskjör, verð og verðbreytingar og framsal á réttindum og skyldum. Verkkaupi áskilur sér rétt til að heimila breytta aðild að samningnum án nýs útboðs ef verktaki verður gjaldþrota.

Ef lagabreytingar eða tækninýjungar kalla á breytingar á umsaminni verkframkvæmd, er heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samningi á samningstíma innan marka 90. gr. OIL. Sama máli gegnir ef ófyrirséðir tæknilegir örðugleikar hafa komið upp við starfrækslu eða viðhald.

2.14 Ábyrgð og tryggingar



Verktaki ber alla ábyrgð á verkefninu og framkvæmd þess, þar með töldum verkum undirverktaka og auk þess því tjóni er verkkaupi eða þriðji aðili kann að verða fyrir við framkvæmd þess.

Verktaki skal kaupa allar skyldutryggingar sem lög og reglugerðir kveða á um. Ennfremur skal verktaki að lágmarki kaupa eftirtaldar tryggingar:

- Ábyrgðartryggingu vegna tjóns sem þriðji aðili kann að verða fyrir vegna starfsemi verktaka og vinnu starfsmanna hans.
- Óafturkallanlega og óafturkræfa verktryggingu frá fjármálafyrirtæki fyrir því að verktaki efni skyldur sínar samkvæmt samningi. Verktrygging skal miðast við 5% af samningsfjárhæð og stendur óbreytt til verkloka en lækkar þá í 4% af samningsfjárhæð hafi völlurinn staðist fyrirskrifaðar prófanir og stendur þannig næstu tólf mánuði frá dagsetningu heimildar verkkaupa til lækkunar tryggingarinnar. Óheimilt er að lækka verktryggingu nema til komi skrifleg heimild þar að lútandi til tryggingafélags eða banka frá verkkaupa, og skal slík heimild gefin út innan 10 daga frá því að lokaúttekt fór fram á verkinu. Skilmálar ofangreindrar tryggingar skulu þannig orðaðir, að verkkaupi geti innleyst hana án undangengins dómsúrskurðar og greiðsla geti farið fram innan 14 daga frá því hennar er krafist. Verktrygging skal gefin út af bankastofnun sem kaupandi samþykkir (sjá tilboðsblað í tilboðshefti). Kaupandi getur krafist

greiðslu tryggingarfjárhæðarinnar að einhverju eða öllu leyti án þess að færa sönnur á fjárhagstjón sitt. Að öðru leyti skal orðalag tryggingar háð samþykki verkkaupa. Sjá eyðublað fyrir verktryggingu í fylgigögnum.

Ábyrgðartrygging skal vera frá viðurkenndu váttryggingafélagi með aðsetur á Íslandi.

Verktaki skal kaupa allar tryggingar vegna starfsmanna sinna og starfseminnar í samræmi við ákvæði laga og kjarasamninga. Ennfremur er verktaka bent á að kaupa sér tryggingu á lausafé, sem tryggir hann fyrir tjóni að völdum bruna, innbrota o.fl.

Verktaki skal sjá til þess að undirverktakar hans kaupi tryggingar með sama hætti, ef þeir sinna tilgreindum verkþáttum.

Verktaki skal afhenda verkkaupa afrit af öllum tryggingaskírteinum og greiðslukvittunum fyrir iðgjöld, sé þess óskað.

Verkkaupi leggur ekki fram sérstaka tryggingu vegna verksins.

2.15 Framsal á réttindum og skyldum



Verktaka er óheimilt að framselja eða veðsetja rétt sinn samkvæmt samningi þessum án skriflegs samþykkis verkkaupa.

Verktaka er óheimilt, án skriflegs samþykkis verkkaupa, að fela öðrum aðila að ganga inn í eða taka við skyldum í sinn stað, að hluta eða öllu leyti. Ef verktaki fær slíka heimild, breytast í engu skyldur seljanda gagnvart verkkaupa.

2.16 Persónuvernd - vinnslur

Þegar er um að ræða vinnslur persónuupplýsinga ber samningsaðilum að gera á milli sín vinnslusamning vegna þeirra persónuskráninga áður en samningur tekur gildi. Til að tryggt verði örugga vinnslu og geymslu persónuupplýsinga verður að gera grein fyrir hvaða ráðstafanir eru gerðar til að tryggja að kröfum laga sé fylgt.

Samningsaðilar bera bótaábyrgð skv. persónuverndarlögum og geta ekki samið sig undan henni.

Á heimasíðu [Kópavogsbæjar](#) má finna upplýsingar um meðferð persónuupplýsinga.

2.17 Óviðráðanleg atvik - Force Majeure

Hvorki verktaki né verkkaupi verða krafðir um bætur ef óviðráðanleg atvik (force majeure) sem aðilar eiga ekki sök á svo sem styrjöld, eldsvoði, náttúruhamfarir, verkföll, verkbönn eða annað þess háttar koma í veg fyrir efndir samnings þessa.

2.18 Ágreiningsmál



Málum sem kunna að rísa út af viðskiptum þeim sem verðfyrirspurn þessi þetta nær til, skal vísa til Héraðsdóms Reykjaness. Verði ágreiningur milli verktaka og verkkaupa um skilning á útboðsgögnum skal verktaki þó eigi að síður framkvæma verkið skv. fyrirmælum verkkaupa sbr. grein 6.3 IST 30.

Sé ágreiningurinn að mestu eða öllu leyti tæknilegs eðlis má með samþykki beggja aðila vísa málinu til Gerðardóms VFÍ til fullnaðarúrskurðar.

3. Verklýsing

3.1 Verklýsing

Í þessum kafla er fjallað um verk- og tæknilýsingu verkkaupa.

3.1.1 Vinnustaður

3.1.1.1 Athafnasvæði og vinnuaðstaða

Verkkaupi leggur hvorki til athafnasvæði né vinnuaðstöðu til verksins.

3.1.1.2 Húsnæði

Verktaki skal leggja til allt nauðsynlegt húsnæði fyrir starfsmenn sína og til geymslu á efni, allt eins og lýst er nánar í verklýsingu.

3.1.1.3 Ljós, hiti, akstur, vélar og fleira

Verktaki skal leggja til og kosta öll áhöld, vélar, verkfæri og orku, sem til þarf við framkvæmdirnar, enn fremur allan flutning á mönnum, tækjum og efni.

3.1.1.4 Umhirða á vinnustað

Verktaki skal ávallt sjá um að allir efnisafgangar séu fjarlægðir jafnóðum. Verktaki skal sjá svo um að umhirða á vinnustað, vinnuskúrum og á lóðum sé ávallt góð og skal verktaki fara eftir fyrirmælum eftirlitsmanns þar að lútandi. Um almenna umgengni og umhirðu á vinnustað vísast að öðru leyti til kafla 4.2 í ÍST 30.

3.1.1.5 Öryggi á vinnustað

Orðin vinnustaður, framkvæmdastaður, byggingarstaður, athafnasvæði og verkstaður hafa sömu merkingu í þessum gögnum.

Verktaki skal gæta ýtrustu varúðar við framkvæmd verksins og hafa samráð við eftirlitsmann um allar varúðarráðstafanir eftir því sem við á. Áður en framkvæmdir hefjast ber verktaka að leggja fyrir eftirlitsmann tillögu um varúðarráðstafanir, sem nauðsynlegt er að gera, m.a. vegna umferðar við vinnustað. Sér verktaki síðan um að varúðarráðstöfunum, þeim sem eru taldar nauðsynlegar, sé framfylgt í tæka tíð og til hins ýtrasta.

Verktaki skal fylgja öllum reglum um öryggi á vinnustað til hins ýtrasta, bæði hvað snertir vinnuvélar og aðbúnað. Hann skal einnig viðhafa brunavarnir og reglur um meðferð eldfimra efna, sem viðhlítandi teljast að dómi eftirlitsmanns og skv. skilmálum váttryggingar. Reglum og leiðbeiningum um meðferð lagna frá veitufyrirtækjum skal fylgt í hvívetna.

Sérstök athygli er vakin á reglum Vinnueftirlits ríkisins um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð (nr. 547/1996), sem tóku gildi 1. janúar 1997.

3.1.2 Frágangur og gæði verks

3.1.2.1 Verkstjórn verktaka, dagbók og verkfundir

Almennum kröfum til verkstjórnar verktaka er lýst í grein 4.1 í ÍST 30.

Verktaki og undirverktakar skulu gera ráð fyrir að þurfa að mæta á verkfundi með fulltrúa verkkaupa meðan á verkinu stendur. Tíðni og fjöldi verkfunda verður ákveðinn á fyrsta verkfundi. Fundargerðir eru ritaðar af verkkaupa og skulu samþykktar af báðum aðilum.

3.1.2.2 Gæði verksins

Almennum kröfum um gæði verksins er lýst í grein 4.3 í ÍST 30.

Öll vinna og allur frágangur verksins skulu vera vönduð og fagmannlega unnin, í samræmi við fyrirsögn um vinnubrögð, góðar fagvenjur, faghefðir og metnað.

Forsvarsmenn verksins skulu hafa þá reynslu sem með þarf við framkvæmd þess, og full réttindi þar sem þeirra er þörf. Fagvinna skal unnin af fagmönnum og skal verktaki skila inn afritum af skírteinum um réttindi starfsmanna sé þess óskað.

Verktaki skal framvísa fullgildum uppruna- og gæðavottorðum með öllu efni sem hann hyggst nota og staðfesta gæði með rannsóknarniðurstöðum eftir því sem krafist er í verklýsingu.

Verktaki skal bæta að fullu alla galla, sem fram kunna að koma á verkinu og um er að kenna slæmum frágangi eða efni. Þrátt fyrir eftirlit verkkaupa, ber verktaki fulla ábyrgð á efni og vinnu.

Eftirlitsmaður getur sett tímatakmörk um hvenær það sem áfátt er talið, skal vera lagfært og heimilt er að stöðva greiðslur til verktaka uns þær lagfæringar hafa farið fram.

3.1.2.3 Efnisval og vinnuaðferðir

Þjóðandi skal miða tilboð sitt við þá efnis- og vinnuliði sem útboðsgögn gera ráð fyrir.

Á framkvæmdatíma er verktaka heimilt, að höfðu samráði við eftirlitsmann, að bjóða annað efni og aðra vinnutilhögun en útboðsgögn kveða á um og skal hann þá leggja fram upplýsingar um efni, vinnu og verð sbr. grein 4.3 í ÍST 30. Verkkaupi gerir samanburð á frávikum með tilliti til verðs og gæðamismunar og hefur ákvörðunarrétt um hvaða efni og aðferðir verða endanlega valin. Allan kostnað sem til fellur vegna samanburðar á öðru efni eða vinnuaðferðum skal verktaki greiða óháð samþykki eða synjun verkkaupa.

3.1.2.4 Sýnishorn og prófanir

Verktaka er skylt að leggja fram sýnishorn af efnum eins og krafist er í verklýsingu það tímanlega að eigi valdi töfum á framkvæmdum. Einnig er honum skylt að gera sýnishorn af vinnu og prófanir á efni að beiðni verkkaupa. Verktaka er skylt að aðstoða eftirlit við eftirprófanir á efni og vinnu. Framleiðsla og framlagning sýnishorna og aðstoð við eftirprófanir skal vera verkkaupa að kostnaðarlausu.

Nánari ákvæði um þessi atriði er að finna í verklýsingu.

Verktaki skal alltaf leggja fram nýjar eða nýlegar rannsóknarniðurstöður á sinn kostnað áður en notkun á efni hefst.

Ef verkkaupi fer fram á fleiri efnisprófanir, en tilskilið er í verklýsingu fyrir viðkomandi efni, greiðast þær af verkkaupa, ef efnið stenst kröfur, en af verktaka, ef efni stenst ekki kröfur.

3.1.2.5 Verklokaúttekt

Almennum kröfum um framkvæmd verklokaúttektar er lýst í grein 4.4 í ÍST 30.

Verktaki skal tilkynna eftirlitsmanni verkkaupa skriflega hvenær verklokaúttekt geti farið fram. Þegar það er gert eiga verktaki og eftirlitsmaður að vera búnir að yfirfara verkið til þess að ekki þurfi að koma til annarrar úttektar. Ef boða þarf til annarrar úttektar skal verktaki greiða kostnað verkkaupa sem til fellur vegna hennar. Það getur gerst ef verkinu er verulega ábótavant. En ef það koma fram smávægilegar athugasemdir skal eftirlitsmaður tilkynna þeim, sem viðstaddir voru úttektina skriflega þegar þær hafa verið lagfærðar án þess að farið sé í aðra formlega úttekt.

Við verklokaúttekt yfirfara fulltrúar verkkaupa og verktaka (auk undirverktaka þar sem við á) allt verkið. Telji eftirlitsmaður verkkaupa að eitthvað sé vangert eða að úrbóta sé þörf, skal hann að lokinni úttekt án tafar afhenda verktaka orðsendingu (úrbótalista) um öll atriði sem lagfæra þarf.

Verkinu telst lokið þegar eftirtöldum atriðum hefur verið fullnægt:

- Að verktaki hafi lokið framkvæmdum í samræmi við útboðsgögn.

Hafi framangreind atriði verið staðfest sem fullafgreidd við verklokaúttektina skal verkkaupi gefa út án tafar vottorð um verklokaúttekt, svonefnda úttektargerð, og telst hann þá hafa tekið við verkinu frá úttektardegi að telja og hefst þar með ábyrgðartími verksins. Sé hins vegar eitthvað vangert eða ekki í samræmi við lýsingar eða teikningar skal það metið af fulltrúum verkkaupa og greiðslu fyrir viðkomandi atriði haldið eftir. Verktaki fær eðlilegan frest til þess að ljúka þeim verkum, sem talin eru ófullnægjandi við úttekt þessa, og fær þau þá greidd eftir fyrrgreindu mati, þegar staðfesting eftirlitsmanns verkkaupa er fengin fyrir að hann hafi lokið viðkomandi verki.

Um dulda galla eða annað sem kann að yfirsjáast við úttekt, en verktaki er ábyrgur fyrir, gilda ákvæði greinar 4.5.6 í ÍST 30.

Fyrir lok ábyrgðartímans, sem er 1 ár, mun fulltrúi verkkaupa ásamt fulltrúum verktaka yfirfara allt verkið, en almennum ákvæðum um ábyrgð á verki er lýst í greinum 4.4.11 og 4.5 í ÍST 30.

3.2 Verklýsing

3.2.1 Inngangur

Verkið sem hér um ræðir er málun, mössun og sprautumössun yfirborðsmerkinga í Kópavogi. Verktaki fær afhentar nauðsynlegar teikningar og aðrar skýringar frá verkkaupa þannig að hann geti unnið verkið á vandaðan og faglegan hátt og lokið því á tilsettum tíma.

Verkið skal framkvæma í samræmi við almennar verklýsingar Vegagerðarinnar og handbók um yfirborðsmerkingar þar sem við á. Almennar verklýsingar Vegagerðarinnar má finna á eftirfarandi vefslóð, [Verklýsingar, leiðbeiningar og kröfur – Vegagerðin](#) og Handbók um yfirborðsmerkingar á slóðinni [Handbók um yfirborðsmerkingar – Vegagerðin](#) og skal verktaki sjálfur sjá um að sækja allar viðeigandi verklýsingar og upplýsingar.

Þar sem ekki er samræmi milli almennra verklýsinga Vegagerðarinnar og verklýsingar þessarar, þá gildir þessi verklýsing.

Verktaki skal að öllu leyti sjá sér fyrir aðstöðu sjálfur og sjá um að láta hreinsa vegyfirborð sérstaklega áður en yfirborðsmerkingar hefjast.

Lögð er áhersla á að verktaki sýni vönduð vinnubrögð og lipurð gagnvart umferð í bænum. Að verki loknu skal verktaki sjá til þess að vinnusvæðið sé hreint og snyrtilegt.

Framkvæmi verktaki ekki verkið í samræmi við útboðsgögn getur verkkaupi rift samningi að undangenginni aðvörun.

3.2.2 Umferð/ öryggisráðstafanir

Verktaka ber að haga vinnu sinni þannig truflun á umferð um götu, sem unnið er við svo og í nærliggjandi götum sé haldið í lágmarki. Á þetta sér í lagi við um, Kársnesbraut, Vesturvör, Kópavogsbraut, Digraanesveg, Dalveg, Smiðjuveg, Fífuhammsveg, Rjúpnaveg, Vatnsendaveg og Vatnsendahvarf.

Ef útlit er fyrir að framkvæmdir geti valdið verulegum umferðartruflunum, tafið umferð lögreglu, almenningsvagna, sjúkrabifreiða eða slökkviliðs skal verktaki sjálfur sjá um að tilkynna það til viðeigandi aðila.

Lokun götu fyrir umferð er óheimil, nema í undantekningartilfellum, og þá með leyfi lögreglu og eftirlitsmanns hverju sinni. Ef eftirlitsmaður heimilar lokun skal verktaki sjá um að afla heimildar lögreglu. Verkkaupi mun annast og kosta auglýsingu um lokunina telji hann það nauðsynlegt. Allar merkingar vinnusvæða skal framkvæma í samræmi við ritið „Reglur um merkingar vegna framkvæmda eða viðburða á eða við veg“ 1. útg. jan. 2025.

Það er algjörlega á ábyrgð verktaka að uppfylla kröfur útboðs- og verklýsingar með tilliti til öryggisráðstafana.

3.2.3 Vinnutími

Allar merkingar á Kársnesbraut, Vesturvör, Kópavogsbraut, Digraanesvegi, Dalvegi, Smiðjuvegi, Fífuhammsvegi, Rjúpnavegi, Vatnsendavegi og Vatnsendahvarfi skal vinna milli klukkan 21:00 og 06:00, þegar umferð er í lágmarki, nema í einstaka undantekningartilfellum í samráði við eftirlit og lögreglu. Sama gildir um gangbrautir (sebra), þar sem umferð er mikil. Að öðru leyti getur verktaki unnið verkið á hvaða tíma sólarhrings sem er, þó í fullu samráði við eftirlit.

3.2.4 Tæki og búnaður

Gerð er sú krafa að verktaki eigi eða hafi til umráða að minnsta kosti eftirfarandi tækjabúnað:

- Sprautubíll fyrir akreinalínur (kantlínur), 1 stk.
- Mössunarvél fyrir akreinalínur, 1 stk.
- Massapottur fyrir stakar merkingar, 1 stk.
- Málningarvél fyrir bílastæðamálun, 1 stk.
- Fræsari sem er minnst 400 kg, 1 stk.

Tæki fyrir akreinalínur skulu vera útbúin með tölvustýrðum lengdarmælum. Þau þurfa einnig að vera stillanleg þannig að þau standist vikmörk sem gefin eru í verklýsingu.

Ef bjóðandi hefur hugsað sér að kaupa ný tæki fyrir verkið skal hann leggja fram staðfestingu frá söluaðila um að gerður hafi verið kaupsamningur um þau tæki ásamt staðfestingu á því að tækin muni berast eigi síðar en þegar úttekt tækja fer fram. Hafi tæki ekki borist fyrir þann tíma verður ekki gengið til samninga við verktaka. Hyggist verktaki leigja eða nota tæki undirverktaka skal hann skila inn undirrituðu samkomulagi milli hlutaðeigandi aðila. Þar þarf að koma fram staðfesting á því að tækin muni vera til staðar þegar úttekt tækja fer fram og jafnframt að verktaki hafi fullan aðgang eða full yfirráð yfir viðkomandi tækjum á tímabilinu 1. maí til 30. september ár hvert yfir samningstímann.

Verkkaupi mun gera úttekt á tækjabúnaði verktaka áður en gengið verður til samninga og skal verktaki leggja fram fullnægjandi gögn varðandi skráningu og skoðun vinnueftirlits og bifreiðaskoðunar eftir því sem við á. Öll tæki sem bjóðandi hyggst nota í verkið samkvæmt tilboði skulu vera í fullkomnu lagi þegar skoðun fer fram eigi síðar en þann 1. apríl 2026, á stað sem bjóðandi tilgreinir. Þar skal bjóðandi sýna fram á virkni tækja. Sé einhverju ábótavant við virkni tækjanna verður ekki gengið til samninga við verktaka.

Verktaki skal hafa til staðar, á hverjum verkstað hverju sinni, búnað til hreinsunar ef t.d. vökvaslanga (glussaslanga) gefur sig, t.d. sag, mottur og klútar. Búnaðurinn þarf að geta hreinsað upp 20 lítra af olíu eða glussa. Þegar úttekt tækja fer fram mun verkkaupi ganga úr skugga um að þessi búnaður sé til staðar og í nægjanlegu magni.

3.2.5 Mannafli

Kröfur varðandi reynslu og þekkingu stjórnenda og starfsmanna eru settar fram í grein um hæfi bjóðanda.

Verkkaupi skal samþykkja stjórnendur verksins. Ef breytingar verða á stjórnendum á verktíma skal verktaki leita samþykkis verkkaupa fyrir breytingunum.

Telji verkkaupi verkstjórn óhæfa á einhvern hátt, getur hann krafist þess að skipt verði um mann eða menn.

Mönnum þeim, er óhæfir reynast til starfa eða koma á annan hátt þannig fram, að ástæða sé til umkvörtunar, skal vikið af vinnustað, ef verkkaupi krefst þess.

Verktaka ber að sjá um að góð regla og umgengni ríki á vinnustað.

Vinnufatnaður starfsmanna verður að standast kröfur um endurskin vegna vinnu á umferðargötum, samkvæmt flokki 3 í ÍST EN ISO 20471.

3.2.6 Skráning

Verktaki skal halda dagbók yfir verkið á tölvutæku formi og skrá í hana verkefni hvers dags og allt sem hefur þýðingu fyrir framgang verksins. Í dagbók skal m.a. eftirfarandi koma fram:

- Dagsetning
- Mannafli og tæki.
- Staðsetning (verkstaður/verkstaðir)
- Tímasetning á hverjum verkstað.
- Gerð merkinga og verkmagn á hverjum stað.
- Veðurfar (hiti og rakastig).
- Framleiðsludagsetning efnis sem unnið er með þann dag.
 - Annað sem hefur þýðingu fyrir framgang verksins.

Verktaki skal senda eftirlitsmanni tölvupóst á hverjum virkum degi með yfirliti yfir þá vinnu sem unnin var nóttina áður.

Verktaki skal í samráði við eftirlitsmann útbúa eyðublað til skráningar. Verktaki skal skila skráningum til eftirlitsmanns hálfsmánaðarlega.

Ef kvartanir berast frá íbúum vegna vinnu verktaka skal hann tilkynna slíkt til eftirlitsmanns. Allar slíkar kvartanir, orsök þeirra og afleiðingar ásamt aðgerðum til úrbóta skal skrá nákvæmlega.

3.2.7 Magntölur - uppgjör

Magntölur í tilboðsskrá eru áætlaðar og geta breyst enda háðar því hvernig götur koma undan vetri.

Verktaki annast og kostar allar formerkingar, mælingar og útsetningar sem nauðsynlegar eru til framkvæmdar verksins t.d. vegna akreinalína, örva, stakra merkinga, hindrunarlína við biðskyldur o.s.frv. og ber hann ábyrgð á réttri staðsetningu.

Mælingar og yfirferð, sem nauðsynlegar eru vegna reikningsgerðar og uppgjors á verksamningi skulu verktaki og eftirlitsmaður verkkaupa annast í sameiningu.

Í lok hvers kafla verklýsingar eru greiðsluskilmálar og uppgjorsreglur fyrir viðkomandi kafla. Þar sem nefnt er að vinna skuli innifalin er átt við kostnað vegna bæði manna og tækja (véla).

3.3 Mössun - Sprautumössun

3.3.1 Almennt

Verktaki skal í hvert skipti sem hann byrjar á mössun, ganga úr skugga um að tæki hans vinni rétt. Vinni tæki ekki rétt, skal vinna stöðvuð og ekki hafin á nýjan leik fyrr en úr hefur verið bætt. Verktaka er m.ö.o. óheimilt að halda áfram vinnu ef í ljós kemur að vinnan uppfyllir ekki kröfur um breiddir og/eða þykktir á massaðri línu.

Verktaki skal stöðugt fylgjast með, hvort massaþykkt, dreifing efnis, breidd, staðsetning og lengd lína séu rétt. Verktaki skal reglulega í samráði við eftirlit, skila sýnum til verkkaupa.

Miðað er við að búið sé að sópa allar götur áður en merking þeirra hefst. Sé svo ekki skal verktaki tilkynna eftirlitsmanni það strax svo hægt sé að bæta úr því. Ef um óverulegt magn er að ræða eins og t.d. við kantsteina á gatnamótum skal verktaki sjá sjálfur um að sópa það. Heimilt er að formerkja þó sópun sé ekki lokið.

Verktaka er ekki heimilt á verk tímanum að nota potta sem notaðir eru við verkið fyrir massa sem ekki uppfyllir kröfur útboðsgagna. Til að forðast rugling skal verktaki heldur ekki hafa massa sem ekki uppfyllir kröfur útboðsgagna á verkstað.

Ekki má hefja mössun nema yfirborð gatna sé þurrt. Verktaki skal formerkja áður en mössun hefst og skulu línur vera beinar án hlykkja, áferðarfallegar og fylgja veglínunum þannig að vegfarendur verði ekki varir við nein óeðlileg frávik. Hann skal ávallt massa ofan í gamlar akreinalínur og merkingar, séu þær rétt staðsettar.

Við stakar merkingar skal verktaki gæta þess að yfirborð þeirra sé slétt og án sýnilegra samskeyta og að yfirborð götu sé hreint. Sparsla skal samskeyti með heitum spaða svo merkingar verði sléttar og áferðarfallegar.

Verktaki ber ábyrgð á að ekki sé ekið yfir nýmassaða línu eða merkingar og skal gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir það.

Ganga skal snyrtilega um alla verkstaði. Þegar efni er sett í massaskó skal setja hlífðarplötur undir skóinn svo massi leki ekki á götuna. Þegar massaskór er dreginn milli merkinga skal gæta þess að efni slettist ekki á yfirborð götu utan við merkingar. Verktaki má ekki yfirgefa verkstað nema búið sé að hreinsa upp allar slettur. Massi verktaki ekki rétt, eða ef ekið er yfir nýmassaða merkingu, skal verktaki taka burt massann og massa að nýju á sinn kostnað.

Mössun skiptist í tvo flokka eftir framkvæmdamáta:

1. Mössun

Allar akreinalínur skal vélmassa en aðrar merkingar skulu handgerðar. Ekki skal massað yfir eldri merkingar séu þær þykkari en 1,5 mm nema eftirlitsmaður mæli svo fyrir. Útlagður massi skal vera a.m.k. 3 mm á þykkt.

2. Sprautumössun

Kantlínur skal sprautumassa. Ekki skal sprautumassað yfir heillegar eldri merkingar nema eftirlitsmaður mæli svo fyrir. Útlagður sprautumassi skal vera a.m.k. 1,5 mm á þykkt.

3.3.1.1 Notkunarsvið

Massinn er ætlaður á malbikaða, steinsteypta og eftir atvikun hellulagða fleti, til merkingar fyrir umferð. Hefðbundinn massi er lagður með vél eða handlagður (stakar merkingar), en sprautumassi er sprautaður á vegflötinn.

3.3.1.2 Almennar kröfur

Gerð er sú krafa að efni sem notuð eru í verkinu hafi glerperluinnihald á milli 20-25%.

Ekki má nota massa sem er eldri en 6 mánaða, nema með samþykki eftirlitsmanns.

Ekki má leggja massa í annarri þykkt en framleiðandi hans gefur upp.

Umbúðir massa skulu merktar með tákni framleiðanda, vöruheiti, númeri lögunar, framleiðsludegi, ráðlögðu útlagningarhitastigi, ráðlagðri útlagningarþykkt og hættumörkum í hitastigi.

Efnið skal vera nagladekkjapolið (gúmmíblandað eða á annan hátt sérsniðið að umferð nagladekkja) og uppfylla kröfur sbr. grein 1.1.1.4.

Ekki er krafist vottunar varðandi Tröger-gildi massa í verkbyrjun (við afhendingu) en verkkaupi áskilur sér rétt á að prófa massann á verktímanum og er þá ætlast til að hann uppfylli eftirfarandi kröfur:

3.3.1.2.1 Tæknilegir eiginleikar

Massinn þarf að vera í samræmi við kröfur Evrópustaðalsins fyrir eiginleika vegmerkingarefna ÍST EN 1871:2000 og innihalda 20-25% glerperlur. Hann þarf að uppfylla kröfur:

- flokks LF4 (ljómastuðull $\geq 0,70$)
- flokks IN1 (sigtími 5-45 s)
- flokks TW1 (Tröger slit $< 2,5 \text{ cm}^3/16$ umferðir)
- flokks TWU2 (breyting í Tröger sliti eftir öldrun $< 2,5 \text{ cm}^3$)
- töflu 2 um litarhnit hvítra vegmerkingaefna

í þeim staðli.

3.3.1.2.2 Núningsviðnám

Núningsviðnám (skid resistance) massans skal vera a.m.k. 45, mælt skv. BS 3262, eftir að hann hefur verið lagður sem hefðbundin lína eða stök merking.

3.3.2 Akreinalínur (miðlínur, deililínur og kantlínur)

Massa skal miðlínur/deililínur sem eru ýmist 100 mm eða 200 mm breiðar og sprautumassa kantlínur sem eru 100 mm breiðar. Mössun miðlína/deililína skiptist í tvo framkvæmdamáta, annars vegar mössun þar sem útlagður massi skal vera a.m.k. 3,0 mm þykkur, hins vegar sprautumössun þar sem útlagður sprautumassi skal vera a.m.k. 1,5 mm þykkur.

Tæki til mössunar á mið-, deili- og kantlínunum skulu vera útbúin með tölvustýrðri lengdarmælingu, þannig að lengd strika verði rétt og eins til að halda utan um heildarlengd massaðrar/sprautmassaðrar línu. Skrá skal lengd lína sérstaklega fyrir hverja götu.

Leyfilegt frávik frá réttri lengd línu er: $L = 1 - 2 \text{ m} : \pm 50 \text{ mm}$

$L > 2 \text{ m} : \pm 100 \text{ mm}$

Leyfilegt frávik frá réttri breidd línu er: $B = 100-200 \text{ mm} : +10 \text{ mm}$

Sjá myndir og nánari skýringar í kafla 8 í Veghönnunarreglum Vegagerðarinnar. Umfjöllun um akreinalínur (mið-, deili- og kantlínur) er m.a. í kafla 8.2 um *merkingar langsum eftir akbraut*. Teikningar má sjá í kafla 8.6.

Magntölur og uppgjör:

Greitt er fyrir hvern massaðan / sprautumassaðan lengdarmetra af akreinalínunum eftir breidd.

Innifalið í einingaverði skal vera allt efni og vinna til að fullgera verkið.

3.3.3 Stöðvunarlínur og göngulínur

Massa skal stöðvunar- og göngulínur við umferðar- og gangbrautarljós. Vandlega skal mæla staðsetningu og skilyrðislaust merkja með snúru eða krítarbandi áður merkingar eru massaðar. Ef í ljós kemur við formerkingu að eldri merkingar séu rangar skulu þær fræstar burt og leiðréttar.

Leyfilegt frávik frá réttri breidd merkingar er: $B = 120 \text{ mm} : +10 \text{ mm}$

$B = 500 \text{ mm} : +20 \text{ mm}$

Sjá myndir og nánari skýringar í kafla 8 í Veghönnunarreglum Vegagerðarinnar. Umfjöllun um stöðvunarlínur og göngulínur er m.a. í kafla 8.3 um *merkingar þversum á akbraut*. Teikningar má sjá í kafla 8.6.

Magntölur og uppgjör:

Greitt er fast verð fyrir hvern massaðan fermetra af stöðvunar- og göngulínunum.

Innifalið í einingaverði skal vera allt efni og vinna til að fullgera verkið.

3.3.4 Gangbrautir (Sebrar)

Massa skal merkingar (sebra) á gangbrautir. Vandlega skal mæla staðsetningu og skilyrðislaust merkja með snúru eða krítarbandi áður en merkingar eru massaðar. Ef í ljós kemur við formerkingu að eldri merkingar séu rangar skulu þær fræstar burt og leiðréttar.

Leyfilegt frávik frá réttri breidd merkingar er: $B = 500 \text{ mm} : +20 \text{ mm}$

Ekki skal massa sebra á aðreinar (fráreinar) nema eftirlitsmaður mæli svo fyrir. Setja skal plötur við enda til að ná réttri línu.

Sjá myndir og nánari skýringar í kafla 8 í Veghönnunarreglum Vegagerðarinnar. Umfjöllun um gangbrautir (sebra) er m.a. í kafla 8.3 um *merkingar þversum á akbraut*. Teikningar má sjá í kafla 8.6.

Magntölur og uppgjör:

Greitt er fast verð fyrir hvern massaðan fermetra við gangbrautir, sebra.

Innifalið í einingaverði skal vera allt efni og vinna til að fullgera verkið.

3.3.5 Örvar

Örvar skal massa og staðsetja nákvæmlega í miðri akrein og skulu þær vera samsíða akstursstefnu. Strengja skal línu á milli örva svo tryggt sé að skottin verði samsíða akstursstefnu. Ef kemur í ljós að eldri merkingar séu rangar skulu þær fræstar burt og leiðréttar.

Leyfilegt frávik frá réttri stærð merkingar er: Örvahaus : ± 10 mm

Lengd á ör = 5 m : ± 100 mm

Ekki má muna meira en 50 mm frá réttri stefnu m.v. 5,0 m lengd. Fara skal eftir teikningum varðandi fjölda örva á hverjum stað, verkkaupi áskilur sér þó rétt til að fjölga eða fækka örvum á hverjum stað.

Sjá myndir og nánari skýringar í kafla 8 í Veghönnunarreglum Vegagerðarinnar. Umfjöllun um örvar er m.a. í kafla 8.4 um *aðrar merkingar*. Teikningar má sjá í kafla 8.6.

Magntölur og uppgjör:

Greitt er fast verð fyrir hvern fermetra af mössuðum örvum.

Innifalið í einingaverði skal vera allt efni og vinna til að fullgera verkið.

3.3.6 Hraðahindranir

3.3.6.1 Hefðbundnar hraðahindranir

Massa skal merkingar við hraðahindranir og er verktaka heimilt að nota Premark eða aðrar sambærilegar forformaðar merkingar (preformed thermoplastic road marking), við mössun kjósi hann svo. Vandlega skal mæla staðsetningu og skilyrðislaust merkja með snúru eða krítarbandi áður en merkingar eru massaðar. Ef í ljós kemur við formerkingu að eldri merkingar séu rangar skulu þær fræstar burt og leiðréttar.

Leyfilegt frávik frá réttri breidd merkingar er: B = 500 mm : +20 mm

Ekki skal massa hellulagðar hraðahindranir heldur skal setja merkingar fyrir framan hraðahindrun beint á malbik.

Sjá myndir og nánari skýringar í kafla 8 í Veghönnunarreglum Vegagerðarinnar. Umfjöllun um hraðahindranir er m.a. í kafla 8.5 um *notkun yfirborðsmerkinga*. Teikningar má sjá í kafla 8.6.

Magntölur og uppgjör:

Greitt er fast verð fyrir hvern massaðan fermetra við hraðahindranir.

Innifalið í einingaverði skal vera allt efni og vinna til að fullgera verkið.

3.3.6.2 Kodda hraðahindranir

Massa skal 100 mm línu umhverfis „kodda hraðahindranir“ sem eru um 1,8 x 3,6 m. Vandlega skal mæla staðsetningu og skilyrðislaust merkja með snúru eða krítarbandi áður en merkingar eru massaðar. Ef það kemur í ljós við formerkingu að eldri merkingar séu rangar skulu þær fræstar burt og leiðréttar.

Ef koddar eru á tvöfaldri akbraut (þ.e. tvær akreinar í sömu akstursstefnu eða gagnstæða og koddar á þeim báðum) skal heilmála miðlínu akbrautar á milli koddar 10 m út frá koddar í báðar áttir.

Leyfilegt frávik frá réttri breidd línu er: B = 100 mm : +10 mm

Magntölur og uppgjör:

Greitt er fast verð fyrir mössun umhverfis hvert stk. af kotta.

Innifalið í einingaverði skal vera allt efni og vinna til að fullgera verkið.

Greitt er fyrir heilmálaða akreinalínu á milli kotta skv. kafla 3.3.4 Akreinalínur.

3.3.7 Bannsvæði / Hindrunarsvæði

Massa skal bannsvæði, þ.e. svæði á götu eða vegi sem ekki er ætlað umferð. Sem dæmi má nefna svæði við eyjuenda. Vandlega skal mæla staðsetningu og skilyrðislaust merkja með snúru eða krítarbandi áður en merkingar eru massaðar. Ef í ljós kemur við formerkingu að eldri merkingar séu rangar skulu þær fræstar burt og leiðréttar.

Leyfilegt frávik frá rétttri breidd línu er: $B = 100-200 \text{ mm} : +10 \text{ mm}$

Sjá myndir og nánari skýringar í kafla 8 í Veghönnunarreglum Vegagerðarinnar. Umfjöllun um bannsvæði er m.a. í kafla 8.4 um *aðrar merkingar á yfirborði vega*. Teikningar má sjá í kafla 8.6.

Magntölur og uppgjör:

Greitt er fast verð fyrir hvern massaðan fermetra af bannsvæði. Afmörkun bannsvæðis telst vera akreinalína og því greitt fyrir það skv. kafla 3.3.4 Akreinalínur

Innifalið í einingaverði skal vera allt efni og vinna til að fullgera verkið.

3.3.8 Biðskyldupríhyrningar

Nota skal Premark eða aðrar sambærilegar forformaðar merkingar (preformed thermoplastic road marking), við mössun biðskyldupríhyrninga. Ekki skal massa biðskyldupríhyrninga á aðrein þar sem 200 mm lína er mössuð við aðreinina. Hindrunarlínur (sjá grein 1.1.9) skulu massaðar og þær skal leggja samtímis biðskyldupríhyrningum.

Leyfilegt frávik frá rétttri stærð príhyrninga er $\pm 10 \text{ mm}$.

Sjá myndir og nánari skýringar í kafla 8 í Veghönnunarreglum Vegagerðarinnar. Umfjöllun um biðskyldupríhyrninga er m.a. í kafla 8.3 um *merkingar þversum á akbraut*. Teikningar má sjá í kafla 8.6.

Magntölur og uppgjör:

Greitt er fast verð fyrir hvert stk. af mössuðum biðskyldupríhyrningi.

Innifalið í einingaverði skal vera allt efni og vinna til að fullgera verkið.

3.3.9 Hindrunarlínur

Við biðskyldupríhyrninga skal massa hindrunarlínur og skulu þær vera 10 m langar og 100 mm breiðar. Hindrunarlínur skulu lagðar á sama tíma og biðskyldupríhyrningar.

Leyfilegt frávik frá rétttri lengd línu er: $L = 10 \text{ m} : \pm 200 \text{ mm}$

Leyfilegt frávik frá rétttri breidd línu er: $B = 100 \text{ mm} : + 10 \text{ mm}$

Sjá myndir og nánari skýringar í kafla 8 í Veghönnunarreglum Vegagerðarinnar. Umfjöllun um hindrunarlínur er m.a. í kafla 8.2 um *merkingar langsum eftir akbraut*. Teikningar má sjá í kafla 8.6.

Magntölur og uppgjör:

Greitt er fast verð fyrir hvert stk. af mössuðum hindrunarlínunum.

Innifalið í einingaverði skal vera allt efni og vinna til að fullgera verkið.

3.3.10 Ýmsar stakar merkingar

Setja skal stakar merkingar samkvæmt fyrirmælum frá eftirlitsmanni. Nota skal Premark eða aðrar sambærilegar forformaðar merkingar (preformed thermoplastic road marking), við mössun stakra merkinga. Stakar merkingar geta m.a. verið hjólréiðatákn, göngutákn og 30 km merki.

Sjá myndir og nánari skýringar í kafla 8 í Veghönnunarreglum Vegagerðarinnar. Umfjöllun um stakar merkingar er m.a. í kafla 8.4 um *aðrar merkingar*. Teikningar má sjá í kafla 8.6.

Magntölur og uppgjör:

Greitt er fast verð fyrir hvert stk. af mössuðum stökum forformuðum merkingum.

Innifalið í einingaverði skal vera allt efni og vinna til að fullgera verkið.

3.4 Málun

3.4.1 Almennt

Verktaki skal í hvert skipti sem hann byrjar á málun, ganga úr skugga um að tæki hans vinni rétt. Vinni tæki ekki rétt, skal vinna stöðvuð og ekki hafin á nýjan leik fyrr en úr hefur verið bætt.

Verktaki skal stöðugt fylgjast með, og þó sérstaklega í upphafi hvers verkþáttar, hvort málningarhula, breidd, staðsetning og lengd lína séu rétt.

Miðað er við að búið sé að sópa bílastæði áður verktaki merkir fyrir þeim. Sé svo ekki skal verktaki tilkynna eftirlitsmanni það strax svo hægt sé að bæta úr því.

Ekki má hefja málun nema yfirborð sé þurrt og hitastig yfir 5°C og vaxandi. Útsprautuð þurrfilmuþykkt málningar skal vera 0,20 mm. Ekki er leyfilegt að þynna málningu nema með leyfi eftirlitsmanns.

Verktaki skal gæta þess að mála ávallt ofan í gamlar merkingar séu þær rétt staðsettar. Hann ber ábyrgð á að ekki sé ekið yfir nýmálaða línu eða merkingar og skal gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir það. Reikna má með því að um 80% af magni bílastæðamálunar séu endurmálun yfir gamlar merkingar og 20% sé nýmálun.

Verktaki skal mála eftir formerkingum, sem hann gerir. Línur skulu vera beinar án hlykkja og áferðafallegar þannig að vegfarendur verði ekki varir við nein óeðlileg frávik.

Máli verktaki ekki rétt eða ef ekið er yfir nýmálaða merkingu, skal verktaki má burt málninguna og mála nýja (réttu) á sinn kostnað.

3.4.1.1 Notkunar svið

Málningin er ætluð á malbikaða, steinsteypta og eftir atvikum hellulagða fleti, til merkingar fyrir umferð. Gerð er krafa um að bílastæðamálun og málun miðlína á göngu- og/eða hjólastíga sé framkvæmd með vél, en ekki handmáluð. Ekki er gerð krafa um að málun annarra merkinga sé gerð með vél, þær má handmála eftir skapalóni sem verktaki þarf að verða sér út um eða eftir mælingum og merkingum með snúru eða krítarbandi, eftir því sem við á hverju sinni.

3.4.1.2 Almennar kröfur



Málningarþurrfilma skal hafa sem besta endingu, t.d. viðloðun, spennuþol og slitþol gegn umferð á bílastæðum við hin ýmsu skilyrði, og nægjanlegt veðrunarþol, þ.m.t. að halda lit sínum. Upplausnarefni (eða

önnur efni) í málningu mega ekki hrífa á vegflötin (sjá grein 3.2.0.4), þannig að efni úr honum “blæði” í gegnum málningarfilmuna og liti hana, mýki eða skaði á annan hátt. Málningin skal vera vel rifin og jafnblönduð (hómógen), án grófra korna og vel síuð og auðveld í notkun með sprautubúnaði (sjá grein 1.2.1.4) án þynningar við venjulegt hitastig að sumarlagi á Íslandi.

Tilboði skulu fylgja skýrar upplýsingar um:

- Bindiefni málningar: tegund (upptalning hluta, ef um samsett bindiefni eða blöndur er að ræða, mýkiefni (plasticisers) meðtalin).
- Litarefni (color pigments) málningar: tegundir og magn (kg litarefnis/l málningar).
- Upplausnarefni (solvents).
- PVC (pigment volume concentration): hundraðshluti rúmmáls litar- og fylliefna (extender pigments) af samanlögðu rúmmáli litar-, fylli-, bindi- og mýkiefna málningar.
- Þurrefni málningar í hundraðshlutum massa og hundraðshlutum rúmmáls.
- Eðlismassi (density) málningar í kg/l.
- Flæðiseigja (viscosity) málningar.
- Þornunartími miðaður við eftirfarandi lýsingu: Málningarfilman telst þornuð, þegar þurrfilma, 0,2 mm á þykkt, þolir yfirakstur (almennrar umferðar) án þess að sporast út frá máluðum fleti og án þess að óhreinindi setjist föst á yfirborð hennar, við 5°C hitastig (filmunnar) í kyrrstæðu lofti og þurrviðri.

Hengið við upplýsingar til staðfestingar ofangreindum kröfum

Viðhengi

 Athugasemdir birgja leyfðar



3.4.1.3 Tæknilegir eiginleikar



Litir

Vegmerkingar verða eingöngu hvítar og skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:

Með litgreiningartæki (fótovoltmæli) stilltu á 100% endurskin með hreinni magnesíumoxíð ljóssú skal endurskin vera $\geq 80\%$ með grænni síu.

Hula (hiding power)

Hula skal minnst vera slík, að þurrfilma, sem er 0,15 mm á þykkt, hylji fullkomlega, t.d. svart-hvítan, sléttan og lokaðan (þ.e. ekki sjúgandi) flöt.

Þurrefni

Rúmmálsþurrefni málningar skal ekki vera undir 40%.

Flæðiseigja

Flæðiseigja (viscosity) málningar skal við 23°C liggja á bilinu 8-12 poise mælt með “Brookfield Synchro-Lectric Viscometer” RV, spindli nr.3 við 50 snún./mín. (u.þ.b. 70-75 KU).

Þornunartími

Þornunartími skal vera sem skemmstur, en þó ekki svo að vandkvæðum valdi við sprautun. Hafa ber í huga að þornun sé ekki svo hröð að hætta sé á sprautustíflun, t.d. í hléum þegar máluð er slitin lína.

Sýni

Ef verkkaupi óskar, skal hann með einnar viku fyrirvara eftir opnun útboðs eiga kost á sýni af málningunni ásamt viðeigandi magni af áhaldahreinsivökva á tilboðsverði. Sýni verða ennfremur tekin eftir afhendingu tilboðsvöru og prófuð hjá Hafrannsóknastofnun.

Hengið við upplýsingar til staðfestingar ofangreindum kröfum

Viðhengi

 Athugasemdir birgja leyfðar



3.4.2 Bílastæðalínur

Mála skal bílastæðalínur og skulu þær vera 100 mm breiðar.

Ekki er leyfilegt að nota málningarrúllur við málun bílastæðalína heldur skulu þær vélmálaðar.

Leyfilegt frávik frá beinni línu er: $L = 5 \text{ m} : \pm 50 \text{ mm}$

Leyfileg frávik frá réttri breidd línu er: $B = 100 \text{ mm} : + 10 \text{ mm}$

Sjá myndir og nánari skýringar í kafla 8 í Veghönnunarreglum Vegagerðarinnar. Umfjöllun um bílastæðalínur er m.a. í kafla 8.4 um *aðrar merkingar á yfirborði akbrauta*. Teikningar má sjá í kafla 8.6.

Magntölur og uppgjör:

Greitt er fyrir hvern málaðan lengdarmetra af bílastæðalínunum.

Innifalið í einingaverði skal vera allt efni og vinna til að fullgera verkið.

3.4.3 Litað yfirborð bílastæða

Mála skal yfirborð bílastæða samkvæmt fyrirmælum frá eftirlitsmanni. Dæmi um yfirborð sem skal mála er t.d. blátt yfirborð í bílastæðum fyrir fatlað fólk og grænt yfirborð í bílastæðum við rafhleðslustöðvar.

Magntölur og uppgjör:

Greitt er fast verð fyrir hvern málaðan fermetra í bílastæðum.

Innifalið í einingaverði skal vera allt efni og vinna til að fullgera verkið.

3.4.4 Miðlínur á göngu- og/eða hjólastígum

Mála skal miðlínur á göngu- og/eða hjólastíga og skulu þær vera 100 mm breiðar.

Ekki er leyfilegt að nota málningarrúllur við málun miðlína á göngu- og/eða hjólastíga heldur skulu þær vélmálaðar.

Leyfileg frávik frá réttri breidd línu er: $B = 100 \text{ mm} : + 10 \text{ mm}$

Magntölur og uppgjör:

Greitt er fyrir hvern málaðan lengdarmetra af miðlínunum á göngu- og/eða hjólastíga.

Innifalið í einingaverði skal vera allt efni og vinna til að fullgera verkið

3.4.5 Biðskyldupríhyrningar á göngu- og/eða hjólastíga

Mála skal biðskyldupríhyrninga á göngu- og/eða hjólastíga samkvæmt fyrirmælum frá eftirlitsmanni. Verktaki skal verða sér út um skapalón fyrir merkingar eftir því sem við á.

Leyfilegt frávik frá réttri hæð merkingar er: $H = 350 \text{ mm} : \pm 10 \text{ mm}$

Leyfilegt frávik frá réttri breidd merkingar er: $B = 250 \text{ mm} : \pm 10 \text{ mm}$

Bil á milli biðskyldupríhyrninga skal vera 250 mm.

Magntölur og uppgjör:

Greitt er fast verð fyrir hvert stk. af máluðum biðskyldupríhyrningi á göngu- og/eða hjólastíga.

Innifalið í einingaverði skal vera allt efni og vinna til að fullgera verkið.

3.4.6 Stöðvunarlínur á göngu- og/eða hjólastígum

Mála skal stöðvunarlínu á göngu- og/eða hjólastíga samkvæmt fyrirmælum frá eftirlitsmanni. Vandlega skal mæla staðsetningu og skilyrðislaust merkja með snúru eða krítarbandi áður merkingar eru málaðar.

Leyfilegt frávik frá réttri breidd merkingar er: $B = 250 \text{ mm} : +10 \text{ mm}$

Magntölur og uppgjör:

Greitt er fast verð fyrir hvern málaðan fermetra af stöðvunarlínunum á göngu- og/eða hjólastíga.

Innifalið í einingaverði skal vera allt efni og vinna til að fullgera verkið.

3.4.7 Gangbrautir (sebrar) á göngu- og/eða hjólastígum

Mála skal stakar merkingar eftir því sem við á. Stakar merkingar sem skal mála geta m.a. verið hjólastólamerki. Verktaki skal verða sér út um skapalón fyrir merkingar.

Sjá myndir og nánari skýringar í kafla 8 í Veghönnunarreglum Vegagerðarinnar. Umfjöllun um stakar merkingar er m.a. í kafla 8.4 um *aðrar merkingar*. Teikningar má sjá í kafla 8.6.

Magntölur og uppgjör:

Greitt er fast verð fyrir hvert stk. af máluðum merkingum.

Innifalið í einingaverði skal vera allt efni og vinna til að fullgera verkið.

3.4.8 Ýmsar stakar merkingar

Mála skal gangbrautir (sebra) á göngu- og/eða hjólastíga eftir fyrirmælum eftirlitsmanns. Vandlega skal mæla staðsetningu og skilyrðislaust merkja með snúru eða krítarbandi áður en merkingar eru málaðar.

Leyfilegt frávik frá réttri breidd merkingar er: $B = 500 \text{ mm} : +20 \text{ mm}$

Magntölur og uppgjör:

Greitt er fast verð fyrir hvern málaðan fermetra við gangbrautir (sebra) á göngu- og/eða hjólastíga.

Innifalið í einingaverði skal vera allt efni og vinna til að fullgera verkið.

3.5 Fræsun

Verktaki skal fræsa burtu massaðar merkingar þar sem eftirlitsmaður gefur fyrirmæli um. Við fræsinguna skal fjarlægja tiltekna merkingar algerlega í burtu en jafnframt að gæta þess að skemma sem minnst yfirborð götu. Sópa skal yfirborð götu strax að lokinni fræsun og fjarlægja allt svarf.

Magntölur og uppgjör:

Greitt er fast verð fyrir hvern fræstan fermetra af massa.

Innifalið í einingaverði skal vera allt efni og vinna til að fullgera verkið, þar með talið brottflutningur efnis og þrif á götu eftir fræsun.

3.6 Öryggisráðstafanir - Merkingar vinnusvæða

3.6.1 Almennt

Verktaki skal tilnefna sérstakan eftirlitsmann vinnusvæðamerkinga, sem sér um alla þá verkþætti sem að öryggismálum lúta á hverjum verkstað, s.s. viðhald allra girðinga og umferðarmerkja sem tilheyra verkinu. Þessi starfsmaður skal vera greinilega merktur svo hægt sé að ganga að honum ef einhverjar athugasemdir kunna að koma upp. Eftirlitsmaður vinnustaðamerkinga skal hafa öll tilskilin leyfi enda hafi hann sótt sérstakt námskeið um vinnustaðamerkingar.

Ekki er greitt sérstaklega fyrir þennan lið heldur skal allur kostnaður við hann innifalinn í einingarverðum verktaka.

3.6.2 Öryggisráðstafanir

Öryggisráðstafanir sem fjallað er um í þessum kafla varða í meginatriðum reglur og kröfur Vinnueftirlits ríkisins um aðbúnað og öryggi á vinnustöðum. Um merkingar vinnusvæða og afmörkun öryggissvæða fyrir umferð er fjallaðum hér að neðan.

Verktaki skal annast og kosta allar öryggisráðstafanir, sem nauðsynlegar eru. Við gerð og framkvæmd öryggisráðstafana skal verktaki hafa samráð við eftirlitsmann, lögreglu og öryggiseftirlit. Verktaki skal sjá um lýsingu á vinnusvæðinu. Ennfremur vörslu að svo miklu leyti, sem talið er nauðsynlegt.

Við allar öryggisráðstafanir, svo og vörslu og lýsingu svæðisins, skal verktaki fara eftir gildandi reglum Vinnueftirlits ríkisins, svo sem „Reglugerð um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð“ nr. 547 frá 1996, og leiðbeiningar um vinnuvernd nr. 2 frá 1990, „Öryggi við skurðgröft og gryfjur“.

Verktaki skal vera „samræmingaraðili öryggis- og heilbrigðisráðstafana á framkvæmdastigi verks“ og gegna skyldum samkvæmt því eins og um getur í reglugerð nr. 547 frá 1996, svo sem að senda tilkynningu til Vinnueftirlits ríkisins áður en vinna hefst.

Verktaki skal sjá um að vatnsuppistöður geti ekki myndast á svæðinu og skal hann ef kostur er haga framkvæmdum þannig að vatn fái eðlilega framrás. Aðeins í undantekningartilfellum, þegar annað er ekki framkvæmanlegt, má vinna verk þannig að dæla þurfi vatni burtu til að halda vinnustað þurrum og skal þá verktaki sjá um að dælan sé undir stöðugu eftirliti.

Verktaki skal sjá starfsmönnum sínum fyrir öryggishjálum og öryggisklæðnaði og sjá um að hann sé notaður.

Verktaki skal gera ráð fyrir að þurfa að afmarka vinnusvæði með girðingum ásamt augljósum merkingum (skiltum), telji eftirlit það nauðsynlegt. Gerð girðinga skal fara eftir aðstæðum. Í sumum tilfellum geta flaggsnúrur nægt.

Verktaki skal hafa samráð við lögreglu um allar aðgerðir er valda truflun á umferð og merkingar þeirra.

Ekki er greitt sérstaklega fyrir þennan lið heldur skal allur kostnaður við hann innifalinn í einingarverðum verktaka.

3.6.2.1 Merkingar vinnusvæða

Vinnusvæði verktaka er gatnakerfi Kópavogsbæjar. Við afmörkun vinnusvæða í hverri götu fyrir sig skal verktaki, í samræmi við gildandi umferðarlög og reglugerðir, annast og kosta uppsetningu hverskyns merkinga og upplýsingaskilta. Setja skal upp viðeigandi merkingar á hverjum verkstað sem uppfylla kröfur um

vinnusvæðamerkingar.

Þegar framkvæmdir hefjast á hverjum vinnustað skal vera búíð að ganga frá öllum merkjum. Öll merki skulu vera skýr og greinileg og þeim haldið hreinum.

1. Verksvið

Verkbátturinn innifelur allt efni og alla vinnu vegna umsjónar, eftirlits, uppsetningar, viðhalds og niðurtæktar merkingarbúnaðar á vinnusvæðum í samræmi við sérteikningar, ritið „Reglur um merkingar vegna framkvæmda eða viðburða á eða við veg“ – 1. útgáfa, janúar 2025, fyrirmæli eftirlits og öryggisáætlun verktaka.

Vinna í þessu verki flokkast almennt skv. kafla 8- *Hreyfanleg vinna* í framangreindu riti. Áréttað er að verktaki ber fulla ábyrgð á tjóni sem kann að verða af völdum ófullnægjandi merkinga.

1. Efniskröfur

Merki:

Umferðarmerki, skulu uppfylla kröfur um efnisgæði, stærðir, útlit, endurskin, tákn, stafastærðir í samræmi ritin „Handbók um umferðarmerki“ og „Reglur um vinnusvæðamerkingar“ útgefin af Vegagerðinni og kveðið er á um í reglugerð nr. 289/1995

Nota skal stærri gerð A, B og C merkja, í samræmi við reglugerð nr. 289/1995.

Ljós:

Öll viðvörunar- og öryggisljós skulu vera í samræmi við ÍST EN 12352:2006 „Umferðarstjórnubúnaður – Viðvörunar- og öryggisljósabúnaður“.

Fatnaður starfsmanna:

Endurskinsflíkur fyrir starfsmenn skulu uppfylla kröfur samkvæmt flokki 3 í ÍST EN ISO 20471.

1. Vinnugæði.

Öryggisáætlun:

Fyrir undirritun verksamnings skal verktaki gera ítarlega öryggisáætlun sem inniheldur viðbragðsáætlun þar sem lýst er nauðsynlegum öryggisráðstöfunum vegna framkvæmdanna.

Í öryggisáætlun skulu vera upplýsingar um verktaka, eftirlitsmann/menn vinnusvæðamerkinga og símanúmer.

Öryggisáætlun skal afhenda og bera undir verkaupa og veghaldara, Umhverfissvið Kópavogsbæjar Digranesvegi 1, sími 441-0000, til samþykkis. Á vinnusvæði skal vera samþykkt eintak öryggisáætlunar og jafnframt skal verktaki afhenda lögreglu höfuðborgarsvæðisins eintak.

Merkingar:

Umferðarmerki skulu að öllu leyti vera í samræmi við reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.

Merkingar skulu vera einsleitar og mismunandi gerðum ekki blandað saman.

Vinnulag:

Þar sem framkvæmdir hafa umtalsverð áhrif á umferðarflæði skal verktaki senda tilkynningu um framkvæmdastaði hvers dags með a.m.k. sólarhring fyrirvara skv. grein 1.0.2.

Starfsmenn:

Starfsmenn skulu klæðast viðeigandi persónuhlífum skv. ritinu „Reglur um vinnusvæðamerkingar“.

Tæki:

Nota skal gul viðvörunarljós á farartæki sem tengjast framkvæmdum á einhvern hátt. Tæki skulu að öðru leyti merkt skv. ritinu „Reglur um vinnusvæðamerkingar“

1. Prófanir:

Eftirlit með vinnusvæðamerkingum skal vera skipulagt og það skjalfest á eyðublöð eða í dagbók sem er ætluð til verkefnisins. Öll gögn skulu varðveitt á vinnustað og lögð fram, sé þess krafist.

Verkkaupi mun sannreyna skráningargögn og gera úttekt miðað við öryggisáætlun. Við úttekt er metið ástand einstakra merkja þar sem teknar eru til skoðunar allar þær merkingar sem eiga að vera uppi miðað við þá verkefnastöðu þegar úttektin er gerð. Ef breytingar á fyrirkomulagi merkinga og/eða merkingaráætlun hafa verið gerðar skulu þær lagðar til grundvallar svo framarlega að þær hafi verið teknar fyrir og samþykktar af fulltrúa verkkaupa.

Gengið verður mjög ríkt eftir því að allar merkingar og öryggisráðstafanir verði í góðu lagi.

Sé öryggisráðstöfunum verulega ábótavant getur verktaki reiknað með að frekari framkvæmdir verði stöðvaðar þar til nauðsynlegar úrbætur hafa verið gerðar.

Ekki er greitt sérstaklega fyrir þennan lið heldur skal allur kostnaður við hann innifalinn í einingarverðum verktaka.

4. Tilboðsskrá - Kópavogsbær

4.1 Tilboðsskrá og tilboðsblað



Undirritaður/undirrituð hefur kynnt sér verðfyrirspurn þessa og gerir eftirfarandi tillögu í samræmi við hana.

Tillögur skulu vera bindandi. Fyrirvari í tillögu um gildi tillögu eða annað sem fram kemur í verðfyrirspurnarskilmálum leiðir til þess að tillaga verður metin ógild.

Verð skulu vera með VSK.

a. Heildarverð með VSK, flutt úr Excel tilboðsskrá

Reitur fyrir verð



b. Útfyllt tilboðsskrá á Excel

Viðhengi



c. Þátttakandi staðfestir að hafa lesið og kynnt sér verðfyrirspurn þessa og samþykkir með tillögu sinni alla skilmála verðfyrirspurnar

Já/Nei. **Já er krafist**

